

Skýrsla stjórnar KÍ

Stjórn Kennarasambandsins 2005-2008

Að loknu þingi árið 2005 tóku eftirtaldir sæti í stjórn Kennarasambands Íslands:

Eiríkur Jónsson	Formaður
Elna Katrín Jónsdóttir	Varaformaður
Aðalheiður Steingrimsdóttir	FF
Ásta Ólafsdóttir	FG
Björg Bjarnadóttir	FL
Hanna S. Hjartadóttir	SÍ
Helga Jónsdóttir	FL
Ingibergur Elíasson	FF
Ólafur Loftsson	FG
Guðmundur Guðlaugsson	FS
Sigrún Grendal	FT
Þórður Á. Hjaltsted	FG

Stjórn hefur haldið alls 33 hefðbundna stjórnarfundi frá síðasta þingi til ársloka 2007, auk tveggja aukafunda. Á stjórnarfundum eru tekin til afgreiðslu öll mál er varða starfsemi Kennarasambandsins. Sá háttur hefur verið hafður á um mál sem berast Kennarasambandinu en varða í raun aðeins hluta aðildarféлага að þeim er vísað til stjórnar viðkomandi féлага til afgreiðslu. Þetta hefur í för með sér að sé leitað eftir tilnefningu í nefnd eða starfshóp, og sérstaklega óskað eftir kennara eða stjórnanda af tilteknu skólastigi, þá skipar viðkomandi stjórn fulltrúann en hann er engu að síður fulltrúi Kennarasambandsins.

Ekki verður gerð grein fyrir efni stjórnarfunda í skýrslu þessari að öðru leyti en fram kemur í henni.

Starfsemi á skrifstofu Kennarasambandsins í Kennarahúsinu

Starfsemi á skrifstofu Kennarasambandsins hefur að mestu leyti verið með hefðbundnum hætti frá síðasta þingi. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á skrifstofuaðstöðu. Útbygging í norðurhluta hússins verið innréttuð og útbúnar tvær nýjar skrifstofur og ein geymsla. Þá hefur skipulagi á 1. hæð verið breytt þannig að snyrtingum fækkaði um eina en í stað þess var útbúin skrifstofuaðstaða.

Allt frá því að ParX lagði fram lokaskýrslu vegna úttektar á rekstri og starfsemi Kennarasambandsins hefur stjórn unnið að því að hrinda í framkvæmd meginbreytingum sem þar eru lagðar til. Tillögur um daglega starfsemi í húsinu sem stjórn hefur ákveðið að hrinda í framkvæmd lúta annars vegar að skiptingu starfsemi KÍ í tvö svið, félags- og þjónustusvið, og hins vegar að gerð þjónustusamninga við sjóði Kennarasambandsins sem aðsetur hafa í húsinu.

Úttekt á starfsemi og rekstri Kennarasambands Íslands

Á þriðja þingi KÍ var eftirfarandi samþykkt:

„3. þing Kennarasambands Íslands 14. og 15. mars 2005 leggur til við stjórn að fá óháðan sérfræðiaðila til að gera úttekt á starfsemi og rekstri Kennarasambands Íslands. Markmið með úttektinni er að leita leiða til að nýta fjármuni sem best og að starfsemi félagsins skili sem mestum árangri“.

Í framhaldi af þessari samþykkt leitaði stjórn KÍ til nokkurra aðila og óskaði eftir tilboði í úttekt. Ákveðið var að ganga til samninga við ParX og unnu tveir starfsmenn fyrirtækisins verkið.

Skýrsla ParX lá fyrir á ársfundi 2006 og var þar einnig gerð sérstök grein fyrir könnun varðandi útgáfu, dreifingu og lestur Skólavörðunnar. Í sömu könnun var einnig kannað viðhorf félagsmanna til þjónustu KÍ, aðildarféлага og sjóða. Almennt gáfu félagsmenn þjónustunni góða einkunn. Skýrsluna í heild má nálgast á vef Kennarasambandsins www.ki.is

Endurskipulagningu á skrifstofu KÍ í samræmi við tillögu ParX um að skipta starfsemi Kennarahússins í tvö svið, félags- og þjónustusvið, er að mestu lokið. Stefnt er að því að ljúka gerð þjónustusamnings milli KÍ og sjóða á næstu mánuðum. Framvegis verða því allar nýráðningar á félagsviði í nafni KÍ en ekki einstakra sjóða. Með þessu á m.a. að reyna að tryggja að sú þekking sem starfsmenn búa yfir nýtist sem best og fleiri en einn starfsmaður geti ávallt svarað fyrir hvern málaflokk fyrir sig. Starfsmannasamtöl hafa verið skipulögð, form á ráðningarsamningum endurskoðað og samþykkt hefur verið menntastefna fyrir Kennarasambandið, þ.e. stefna um skipulag endur- og símenntun starfsmanna KÍ.

Skipulag launamála og þóknana á vegum Kennarasambandsins, aðildarféлага og sjóða hefur verið endurskoðað og samræmt. Stjórn KÍ hefur í því samhengi samþykkt viðmiðunarreglur sem gilt hafa frá 1. ágúst 2007. Reglur þessar voru settar að höfðu samráði við löggiltan endurskoðanda sambandsins.

Að lokum ákvað stjórn KÍ að leita eftir samningum við óháðan aðila um að taka að sér innri endurskoðun varðandi öll fjármál KÍ, féлага og sjóða. Þegar þetta er ritað er málinu ekki lokið.

Starfsmannamál

Eftirtaldir sinna störfum í Kennarahúsinu fyrir KÍ, aðildarfélög og sjóði miðað við árslok 2007.

Félagssvið:

Starfsmenn KÍ:

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambandsins, er í fullu starfi. Hann er formaður Kjararáðs og sinnir kjara-, félags- og skólamála og fylgist með starfsemi nefnda Kennarasambandsins auk þess sem hann fylgist með starfi aðildarfélaganna og aðstoðar þau eftir nánari ákvörðun hverju sinni. Hann sinnir samskiptum við önnur samtök launafólks, fjölmiðla og aðra þá er Kennarasambandið á samstarf við. Hann sinnir erlendu samstarfi. Nánari verklýsing formanns er í fylgiskjali 3 í lok skýrslunnar. Formaður stýrir félagssviði og er jafnframt framkvæmdastjóri KÍ.

Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður Kennarasambandsins og staðgengill formanns, er í fullu starfi. Hún sinnir skóla-, félags- og kjaramálum. Elna er formaður Skólamálaráðs og talsmaður KÍ í skólamálaum, sinnir erlendu samstarfi, fræðslu- og kynningarmálum. Hún sinnir kjara- og réttindamálum félaga sem semja við ríkið. Nánari verklýsing varaformanns er í fylgiskjali 3 í lok skýrslunnar.

Starfsmenn félaga:

Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður FF, sinnir störfum fyrir Félag framhaldsskólakennara og er í fullu starfi.

Anna María Gunnarsdóttir er í hlutastarfi fyrir Félag framhaldsskólakennara og er auk þess formaður skólamálanefndar FF.

Björg Bjarnadóttir, formaður FL, sinnir störfum fyrir Félag leikskólakennara og er í fullu starfi.

Hafdís D. Guðmundsdóttir er starfsmaður Félags tónlistarskólakennara í hlutastarfi en sinnir auk þess tímabundnu starfi fyrir Vinnuumhverfisnefnd.

Jón Ingi Einarsson er starfsmaður Skólastjórafélagsins og er í fullu starfi.

Oddur S. Jakobsson er í hlutastarfi fyrir Félag framhaldsskólakennara en sinnir auk þess ýmsum hagfræðistörfum fyrir KÍ og aðildarfélögin.

Ólafur Loftsson, formaður FG, sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara og er í fullu starfi.

Sesselja G. Sigurðardóttir sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara og er í fullu starfi.

Sigrún Grendal Jóhannesdóttir, formaður FT, sinnir störfum fyrir Félag tónlistarskólakennara og er í hlutastarfi.

Þorgerður Diðriksdóttir, formaður KFR, sinnir störfum fyrir FG í hlutastarfi.

Þórður Á. Hjaltested, varaformaður FG, sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara og er í fullu starfi.

Þróstur Brynjarsson, varaformaður FL, sinnir störfum fyrir Félag leikskólakennara og er í fullu starfi.

Þjónustusvið:

Starfsmenn KÍ:

Hannes Þorsteinsson, skrifstofustjóri Kennarasambandsins, sér um daglegan rekstur skrifstofu, starfsmannahald, hefur umsjón með eignum sambandsins, fjármálum og rekstri. Skrifstofustjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt samkvæmt sérstakri samþykkt stjórnar. Skrifstofustjóri stýrir þjónustusviði.

Ásta St. Eiríksdóttir fulltrúi sér um innheimtu félags- og sjóðagjalda og hefur samskipti við launagreiðendur vegna þess. Frá hausti 2007 hefur Ásta verið gjaldkeri sjóða auk þess að vinna að undirbúningi nýs innheimtukerfis í samvinnu við BYR sparisjóð og DK hugbúnaðarfyrtækið.

Hanna Dóra Þórisdóttir er framkvæmdastjóri Orlofssjóðs og sér um allan daglegan rekstur og fjármál sjóðsins.

Hrafnhildur Kristbjarnardóttir er í 75% starfi fyrir KÍ og aðildarfélögin og sinnir málefnum Vísindasjóðs FF og FS.

Ingunn Þorleifsdóttir sinnir ræstingum í Kennarahúsinu.

Ingibjörg Úlfarsdóttir launafulltrúi sér um að svara erindum sem berast og varða launa- og réttindamál. Þau mál sem þarfnast frekari vinnslu sendir hún áfram til formanns viðkomandi félags eða formanns KÍ til frekari skoðunar.

Kristín Elfa Guðnadóttir er ritstjóri Skólavörðunnar. Hún sér um efnisöflun, ritun greina og samskipti við ljósmyndara, hönnuð og prentsmiðju. Hún sinnir einnig ýmsum kynningarmálum og fleiri tengdum verkefnum.

María Norðdahl er starfsmaður Sjúkrasjóðs og endurmenntunarsjóða. Hún tekur við umsóknum og sér um afgreiðslu þeirra í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar.

Ragnhildur S. Björnsdóttir er vef- og skjalastjóri KÍ. Hún hefur séð um innleiðingu á nýjum vef og undirbúning rafrænnar mála- og skjalastjórnunar.

Ragnheiður Ármannsdóttir er starfsmaður Orlofssjóðs og er í hlutastarfi.

Sigríður Sveinsdóttir er í hlutastarfi og hefur umsjón með félagatali Kennarasambandsins og sinnir verkefnum fyrir aðildar- og sérfélögin sem tengjast félagaskrá.

Sigrún Harðardóttir er starfsmaður Sjúkrasjóðs og endurmenntunarsjóða. Hún tekur við umsóknum og sér um afgreiðslu þeirra í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar.

Sigurlína S. Kristjánsdóttir sinnir símvörslu og almennum skrifstofustörfum.

Stella Kristinsdóttir er í hlutastarfi og sér um matseld í hádegi. Hún er einnig auglýsingastjóri Skólavörðunnar.

Frá síðasta þingi hafa eftirtaldir látið af stöfum í Kennarahúsinu:

Anna Dóra Þorgeirsdóttir

Finnbogi Sigurðsson

Helgi E. Helgason (sinnir enn sérverkefnum fyrir KÍ)

Margrét Helgadóttir

Ómar Árnason (sinnir enn sérverkefnum fyrir KÍ)

Nýir starfsmenn í Kennarahúsi frá síðasta þingi KÍ eru:

Erna Guðmundsdóttir (hefur aðsetur í Borgartúni 6)

Oddur S. Jakobsson

Ragnheiður Ármannsdóttir

Ragnhildur S. Björnsdóttir

Sigrún Harðardóttir

Þorgerður Diðriksdóttir

Þórður Árni Hjaltested

Lífeyrisskuldbindingar KÍ

Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að því að leggja til hliðar fjármagn sem ætlað er að standa undir hluta af framtíðarskuldbindingum Kennarasambandsins vegna lífeyrisgreiðslna til núverandi og fyrrverandi starfsmanna. Stefnt er að því að eiga ávallt innistæðu sem nemur a.m.k. 2/3 hlutum áætlaðra skuldbindinga KÍ vegna þessa. Um lífeyrisskuldbindingar og innistæður vegna þeirra vísast að öðru leyti til reikninga Kennarasambandsins.

Lögfræðistörf fyrir Kennarasambandið

Lögfræðipjónusta fyrir Kennarasamband Íslands hefur verið í höndum þeirra Guðna Á. Haraldssonar hrl., Ragnars H. Hall hrl. og Gests Jónssonar hrl.

Á undanförunum árum hafa miklar fjárhæðir farið í að borga lögfræðingum vegna deilumála sem hafa komið upp vegna ráðninga- og kjaramála. Langstærstu

kostnaðarliðirnir tengjast deilumálum við sveitarfélög og stofnanir þeirra. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir sveitarfélög að Kennarasambandið hefur unnið nær öll þau mál sem farið hefur verið í og oftast en ekki hefur mótaðilinn verið dæmdur til að greiða málskostnað. Rétt er þó að geta þess að sú upphæð sem vinnuveitendur eru dæmdir til að greiða upp í málskostnað KÍ dugar yfirleitt ekki nema fyrir hluta útlagðs kostnaðar Kennarasambandsins.

Kennarasamband Íslands og BHM hafa nú ráðið Ernu Guðmundsdóttur lögfræðing í fullt starf fyrir samtökin. Aðalstarfsstöð Ernu er í húsnæði BHM í Borgartúni 6. Starfshlutfall skiptist jafnt milli samtakanna. Erna var áður lögfræðingur BSRB til margra ára og hefur hún því mikla reynslu af málum sem tengjast réttindum og skyldum opinberra starfsmanna sem og málum sem tengjast Evróputilskipunum, sem og starfsemi KÍ og aðildarfélaganna. Það er von stjórnar KÍ að með þessari ráðningu geti Kennarasambandið sinnt lögfræðilegum málefnum betur og á hagkvæmari hátt en hingað til.

Fundir og erindrekstur

Félög innan Kennarasambandsins hafa lagt metnað sinn í að sinna öflugu fræðslu- og kynningarstarfi. Í því sambandi nægir að nefna trúnaðarmannafundi, námskeið og skólaheimsóknir en allir þessir þættir eru fastir liðir í starfsemi félaganna. Ekki hefur enn tekist að koma á skipulögðu fræðslustarfi fyrir trúnaðarmenn og/eða félagsmenn í öllum landshlutum vegna málefna þvert á skólastig og félög. Hér er aðallega átt við lífeyrismál og mál er varða veikinda- og fæðingarorlofsrétt félagsmanna. Mikilvægt er að bæta úr þessu og ná með því aukinni hagræðingu í rekstri KÍ. Með tilkomu fastráðins lögmanns Kennarasambandsins mun væntanlega verða auðveldara að skipuleggja fræðslustarfsemi af þessu tagi

Rétt er að geta þess að stjórnarmenn hafa tekið þátt í fjölda funda og ráðstefna hér heima og erlendis og í mörgum tilfellum flutt ávörp eða erindi við slík tækifæri.

Afmælisár, útgáfa og dagskrá í samvinnu við KHÍ

Árið 2008 fagnar Kennaraháskóli Íslands aldarafmæli sínu og sama ár eru hundrað ár liðin frá setningu fyrstu fræðslulaga á Íslandi. Kennarasamband Íslands og KHÍ tilnefndu sameiginlega fólk í nefnd sem falið var að skipuleggja dagskrá afmælisársins. Þessir voru tilnefndir í nefndina:

Frá KÍ: Elna Katrín Jónsdóttir, Hannes K. Þorsteinsson og Kristín Elfa Guðnadóttir.

Frá KHÍ: Kristín Indriðadóttir, Sjöfn Hjörvar og Svanhildur Kaaber.

Nefndarmenn ákváðu að bjóða fulltrúa nemenda í KHÍ sæti í nefndinni og bættist henni því liðsauki í Júlíu Þorvaldsdóttur. Í upphafi árs 2008 kom Heiðrún Kristjánsdóttir til starfa fyrir nefndina sem verkefnisstjóri afmælisárs.

Nefndin hefur fundað tíu sinnum frá mars 2007 til febrúar 2008. Dagskrá afmælisárs lá fyrir í grófum dráttum í apríl 2007 og voru viðburðir að mestu tímasettir í júnímánuði það ár. Dagskráin er metnaðarfull og má nefna sex útvarpsþætti um kennara og kennarastarfið sem fluttir eru í mars og apríl 2008 á RÚV. Farið hefur verið í „skólagöngu“ undir leiðsögn Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings og boðið upp á fyrirlestur sem Pétur Gunnarsson rithöfundur flutti um tímann og skólann. Þá er vegleg kennarahátíð í Borgarleikhúsinu skipulögð 7. júní nk. Sýning um kennara verður sett upp í Landsbókasafninu, ráðstefnur haldnar og gefinn út aldarþegill

kennaramenntunar. Fleira er á döfinni og allir viðburðir eru kynntir undir merki afmælisárs á vefsíðum KÍ og KHÍ, í Skólavörðunni og á öðrum vettvangi beggja aðila svo sem í trúnaðarmannabréfum. Auk þess eru helstu viðburðir auglýstir í fjölmiðlum. Á afmælisárinu kemur út veglegt rit um almenningsfræðslu í ritstjórn Lofts Guttormssonar og hefur afmælisnefndin átt samstarf við Loft um samtengingu þessara tveggja viðburða. Kennarasambandið styrkir útgáfu ritsins og félagar þess geta keypt það á tilboðsverði.

Útgáfu- og kynningarmál

Upplýsingasvið, hluti af nýju þjónustusviði KÍ

Í svonefndri ParX skýrslu var lagt til að starfsemi Kennarahússins yrði skipt í tvö svið, þjónustusvið og félagasvið, og kom sú breyting til framkvæmda síðari hluta árs 2006. Útgáfu- og upplýsingasvið hefur þar með verið fellt undir hið nýja þjónustusvið. Í árslok 2006 hætti Helgi E. Helgason í föstu starfi sviðsstjóra og hóf töku lífeyris. Hann sinnir nú sérverkefnum sem heyrir hafa undir upplýsingasvið og ritar fundargerðir framkvæmdastjórnar og stjórnar KÍ. Nýr starfsmaður, Ragnhildur Sigrún Björnsdóttir, tók til starfa 1. janúar 2007 og sér hún meðal annars um rafræna skjalavörslu og nýja heimasíðu (vefsvæði) KÍ og aðildarféлага þess.

Skólavarðan

Útgáfa Skólavörðunnar hefur verið með hefðbundnu sniði. Í marsmánuði á þessu ári var prentunarkostnaði náð verulega niður með því að fara úr hefðbundinni prentun yfir í svokallaða rúlluprentun. Á 3. þingi KÍ var samþykkt að gera könnun meðal félagsmanna um þjónustu Kennarasambandsins við félagsmenn. Meðal annars var spurt um afstöðu félagsmanna til Skólavörðunnar. Niðurstöðurnar voru kynntar á ársfundi 2006. Þar kom fram að rösklega 76% félagsmanna lesa blaðið alltaf eða oft og rösklega 83% eru sátt við dreifingarfyrikomulag blaðsins. Fundurinn taldi niðurstöðurnar ekki gefa tilefni til breytinga á útgáfu blaðsins og samþykkti að útgáfa og dreifing þess skyldi vera óbreytt. Kristín Elfa Guðnadóttir er ritstjóri blaðsins en hún sinnir jafnframt ýmsum verkefnum sem tengjast kynningarmálum, ráðgjöf, samskiptum við kennaramenntunarstofnanir og upplýsingamiðlun.

Nýr vefur Kennarasambands Íslands

Nýr vefur Kennarasambands Íslands og aðildarfélaganna var formlega tekinn í notkun miðvikudaginn 7. mars 2007.

Eins og fram kom á síðasta ársþingi var samið við fyrirtækið Sjá ehf. um gerð þarfagreiningar og kröfulýsingar vegna útboðs á nýjum vef. Útboð var undirbúið á grundvelli þarfagreiningar og kröfulýsingar sem fyrirtækið vann í náinni samvinnu við fulltrúa KÍ. Fjögur tilboð bárust og mælti Sjá ehf. með því að tilboði frá Inn hf. yrði tekið. Tilboðið byggðist á því að notað yrði vefumsjónarkerfið LISA sem Inn hf. hefur þróað. Stjórn KÍ samþykkti á fundi sínum 7. apríl 2006 að taka tilboðinu og var stýrihópi falið að vinna áfram að málinu. Starfsmenn Inn hf. unnu að útlitslegri og tæknilegri útfærslu vefsins og var byrjað færa efni á hann frá gamla vefnum í byrjun árs 2007. Vefurinn var síðan formlega opnaður 7. mars sl.

Kynningarbæklingur KÍ

Á árinu 2002 var gefinn út kynningarbæklingur KÍ á íslensku, dönsku og ensku. Upplag er nú á þrotum. Í febrúar 2007 ákvað stjórn KÍ að fela þeim Elnu Katrínu Jónsdóttur, Kristínu Elfu Guðnadóttur og Helga E. Helgasyni að endurskoða texta bæklinganna og undirbúa endurútgáfu þeirra og er stefnt að því að nýtt kynningarefni liggi fyrir þegar 4. þing KÍ verður haldið í apríl nk.

Handbók

Útgáfu Handbókar Kennarasambands Íslands hefur verið haldið áfram í svipuðu formi og áður. Lögð er áhersla á að upplýsingatexti hafi fyrst og fremst að geyma lykilupplýsingar sem koma öllum félagsmönnum að gagni og tilvísanir á heimasíðu um ítarlegri upplýsingar.

Samstarf við fjölmiðla

Útgáfu- og upplýsingasvið átti ágætt samstarf við fjölmiðla en eitt af hlutverkum þess var að koma nauðsynlegum upplýsingum frá Kennarasambandinu og aðildarfélagunum á framfæri við fjölmiðla.

Samstarf um Netlu

Á síðasta ári var endurnýjaður samstarfssamningur KÍ og KHÍ um Netlu – veftímarit um uppeldi og menntun. Samningurinn felur í sér aðild KÍ að ritstjórn tímaritsins. Fulltrúi KÍ í ritstjórn er Kristín Elfa Guðnadóttir.

Kjaramál

Kjararáð starfar samkvæmt lögum Kennarasambands Íslands og er ætlað eftirfarandi hlutverk samkvæmt 27. grein laganna:

Kjararáð er skipað fulltrúum úr samninganefndum aðildarféлага Kennarasambandsins og stjórn sambandsins og tveimur fulltrúum frá Félagi kennara á eftirlaunum. Hvert félag leggur til tvo fulltrúa í ráðið. Formaður KÍ er formaður kjararáðs.

Hlutverk kjararáðs er:

1. Að vera sameiginlegur vettvangur félaga KÍ til að fjalla um stefnumörkun í kjarasamningum þeirra og til þess að styrkja tengsl milli félaga á kjarasviðinu.
2. Að fjalla um og framfylgja stefnu Kennarasambandsins í kjara- og réttindamálum sem varða alla félagsmenn KÍ eða sem félög sambandsins hafa falið Kjararáði að fara mér fyrir sína hönd.
3. Að fylgjast með efnahags- og kjaramálum, afla gagna og sjá um að þau séu aðgengileg félögum KÍ á hverjum tíma.
4. Að afla upplýsinga um kjarasamninga annarra stéttarféлага jafnt hjá hinu opinbera sem á almennum markaði og miðla upplýsingum um þá til félaga KÍ.
5. Að undirbúa í samráði við stjórn KÍ árlega kjaramálaráðstefnu, fræðslufund eða námskeið um kjara- og samningamál.

Kjararáð hefur haldið tíu fundi frá síðasta þingi til ársloka 2007. Helstu mál sem til umræðu hafa verið eru dreifstýrðir kjarasamningar og lífeyrismál auk mála sem tengjast kjarasamningum einstakra aðildarféлага Kennarasambandsins.

Ráðning hagfræðings KÍ

Mikil umræða hefur farið fram um nauðsyn þess að ráða hagfræðing til starfa á vegum KÍ. Eftir að Oddur S. Jakobsson hóf störf hjá Félagi framhaldsskólakennara hefur hann einnig tekið að sér ýmis hagfræðistörf fyrir KÍ og félögin. Það væri vissulega mikill ávinningur fyrir starfsemi Kjararáðs og Kennarasambandsins í heild ef Oddur fengist til frekari starfa á þessu sviði eftir að hann hefur lokið því námi sem hann stundar nú samhliða starfi.

Samningatækninámskeið á vegum ríkissáttasemjara

Í byrjun október sl. gekkst ríkissáttasemjari fyrir samningatækninámskeiði fyrir fulltrúa stéttarféлага og vinnuveitenda á opinberum markaði og einkamarkaði. Námskeiðið var haldið í Reykjavík og voru fyrirlesarar auk Ásmundar Stefánssonar þau Joel Cutcher-Gershenfeld og Eileen B. Hoffman frá Bandaríkjunum. Námskeiðið tókst í alla staði mjög vel og má telja víst að efni þess muni nýtast samninganefndum félaganna vel í komandi samningavinnu.

Kennarasamband Íslands átti sjö fulltrúa á námskeiðinu auk þess sem Ólafur Loftsson formaður FG aðstoðaði við framkvæmd þess en hann hafði áður setið samskonar námskeið í Boston með þeim Ásmundi Stefánssyni ríkissáttasemjara og Karli Björnssyni hjá Launaneftnd sveitarféлага.

Málefni Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KÍ, BHM og BSRB

Málefni Fjölskyldu- og styrktarsjóðs hafa einnig verið töluvert í umræðunni en nú hefur verið ákveðið að gera breytingu á styrkreglum. Frá 1. júní 2007 er greiddur fæðingarstyrkur til karla og kvenna og er upphæðin óháð launum en tekið mið af starfshlutfalli. Til að öðlast rétt til greiðslu fæðingarstyrks þarf foreldri að taka að lágmarki þriggja mánaða fæðingarorlof. Þeir sem taka styttra fæðingarorlof fá ekki greiddan fæðingarstyrk.

Aldurstenging lífeyriskerfisins

Á síðustu misserum hafa margir lífeyrissjóðir tekið upp svokallað aldurstengt lífeyriskerfi. Þetta felur í sér að iðgjaldgreiðslur sem greiddar eru vegna tiltölulega ungra starfsmanna eru mun verðmætari en iðgjöld þeirra sem eldri eru. Enn sem komið er hefur þetta kerfi ekki verið tekið upp hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarféлага hefur hins vegar verið með aldurstengda deild, svokallaða V-deild. Upptaka aldurstengds kerfis hefur verið gagnrýnd innan raða opinberra starfsmanna og ekki síst sú staðreynd að kerfið var innleitt án samráðs við samtök launafólks á opinberum markaði.

Þar sem viss vandkvæði eru samfara því að reka mismunandi lífeyriskerfi gæti farið svo að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins yrði tilneyddur að taka upp aldurstengt kerfi og opna þar með þriðju deildina við hlið A og B deilda sem nú eru reknar. Verði það ekki gert gæti svo farið að þeir sem ráða sig í kennara- og

stjórnunarstöður í grunn og framhaldsskólum eða í önnur störf sem veita aðild að LSR ættu erfitt með að flytja sig í störf á almennum vinnumarkaði eða innan sveitafélagageirans síðar á starfsævinni. Ekki liggur enn fyrir hver niðurstaða þessa máls verður en nauðsynlegt er að Kennarasambandið, BSRB og BHM standi vörð um hagsmuni núverandi og tilvonandi félagsmanna sinna hvað þennan þátt varðar.

Breytingar á veikindarétti og örorkubótum

Á undanförunum mánuðum hafa staðið yfir viðræður milli aðila á almennum vinnumarkaði, SA og ASÍ, um að taka upp nýtt kerfi um veikindalaun og örorkubætur vegna tímabundinnar örorku. Markmið breytinganna er að auðvelda fólki sem missir starfsorku tímabundið að snúa aftur út á vinnumarkaðinn.

Enn sem komið er hafa engar viðræður átt sér stað milli fulltrúa stéttarféлага og vinnuveitenda á opinberum markaði vegna þessa máls. Málið hefur þó verið rætt á sameiginlegum vettvangi heildarsamtaka opinberra starfsmanna og einnig innan Kennarasambandsins. Þegar þetta er skrifað er óljóst hver næstu skref verða en nauðsynlegt er að samtök opinberra starfsmanna taki þátt í umræðunni og móti skoðun á málinu.

Kjaramálaráðstefna

Kjaramálaráðstefna Kennarasambandsins var haldin í húsakynnum Kennaraháskóla Íslands á alþjóðadegi kennara 5. október 2007. Ráðstefnuna sóttu á þriðja hundrað félagsmanna auk fulltrúa viðsemjenda og tókst hún í alla staði mjög vel. Auk fulltrúa KÍ og aðildarfélaganna fluttu fjölmargir gestir erindi um hin ýmsu málefni vinnumarkaðarins.

Dagskrá ráðstefnunnar er í sérstöku fylgiskjali aftast í skýrslunni og efni hennar er aðgengilegt í heild sinni á vef Kennarasambandsins www.ki.is

Staðan í samningamálum aðildarféлага

Á kjörtímabilinu var gengið frá nýjum kjarasamningum vegna leik- og tónlistarskóla en þau félög sömdu á sínum tíma til styttri tíma en önnur félög innan KÍ. Í báðum tilfellum var samningum lokið án átaka og jafnframt án þess að fjölmiðlar vöktuðu samninganefndir meðan þær voru að störfum og reyndist samningavinnan auðveldari af þeim sökum. Um innihald samninga vísast til skýrslu viðkomandi félags til aðalfundar.

Í marga mánuði var tekist á um endurskoðun samninga vegna grunnskólans á grundvelli greinar 16.1 í kjarasamningi aðila. Ekki náðist samkomulag eftir hefðbundnum leiðum heldur féllust aðilar á tillögu sáttasemjara um lokun á málinu. Niðurstaðan varð sú að hinn 1. mars 2008 hækkðu öll starfsheiti um einn launaflokk (3%) og kjarasamningurinn gildir út maí 2008. Ekki var um raunverulega endurskoðun að ræða á öðrum kjarasamningum féлага innan KÍ.

Mikilvægasta verkefni næstu mánaða er að ná samkomulagi um umtalsverðar kauphækkningar til félagsmanna í Kennarasambandi Íslands. Þann flótta sem nú er úr stéttinni verður að stöðva og það verður ekki gert nema launakjör verði bætt verulega. Nauðsynlegt er að niðurstöður í kjarasamningum grunn- og framhaldsskólans liggi fyrir áður en sumarleyfi hefjast ef ekki á verr að fara en þegar er raunin í starfsmannamálum þessara skólastiga. Þá verður að tryggja að þau félög sem eru með

lausa samninga haustið 2008, FL og FT, verði búin að ná ásættanlegri niðurstöðu í upphafi hausts 2008.

Nokkuð hefur verið rætt um aukið samstarf félaga sem semja við Launanevnd sveitarfélaga. Meðal annars hefur verið rætt um hvort taka eigi upp sameiginlega launatöflu líkt og félög innan BHM, Félag framhaldsskólakennara og Félag stjórnenda í framhaldsskólum gerðu í síðustu kjarasamningum. Hvort af því verður er ekki hægt að segja til um þegar þetta er skrifað en mikilvægt er að félög innan KÍ séu ætíð reiðubúin til að nýta sér samtakamáttinn eftir því sem við á hverju sinni án þess þó að glata sjálfstæði sínu í samningum.

Sjálfstæður samningsréttur skólastjórnenda í grunnskólum

Á undanförunum árum hefur verið í gangi umræða um hvort mögulegt sé að skólastjórnendur í grunnskólum fái sjálfstæðan samningsrétt. Fyrir um tuttugu árum síðan ákvað gamla Kennarasambandið að fá álit lögmanns á því hvort skólastjórar gætu krafist sjálfstæðs samningsréttar á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Niðurstaðan var sú að svo væri ekki, einkum vegna þess að í lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara og skólastjóra í grunnskólum væru ekki gerðar sérstakar menntunarkröfur til skólastjóra umfram kennara. Við endurskoðun lögverndunarlaganna var ítrekað reynt að fá slíkt ákvæði inn í lögina en án árangurs. Það var einkum andstaða fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga sem kom í veg fyrir það. Stjórn KÍ ákvað því að leita til lagastofnunar Háskólans á Bifröst og fá álit hennar á því hvort eitthvað hefði breyst í lagaumhverfinu frá 1990 sem gæfi möguleika á að skólastjórar gætu krafist sjálfstæðs samningsréttar samkvæmt lögum. Niðurstaðan var að svo væri ekki.

Í yfirstandandi kjaraviðræðum hefur verið ákveðið að semja sjálfstætt við SÍ vegna grunnskólastjórnenda og við FG vegna grunnskólakennara. Atkvæði verða greidd um kjarasamningana í tvennu lagi.

Kjarakönnun KÍ, BSRB OG BHM

Bandalög opinberra starfsmanna sameinuðust um að leita upplýsinga um kjör skráðra félagsmanna í samtökum sínum og sömdu við Capacent Gallup um að framkvæma slíka könnun síðla árs 2007. Félagsmenn í BHM, BSRB og KÍ eru samtals tæplega 28.000 talsins. Gerð var úrtakskönnun meðal 3000 félagsmanna frá hverjum samtökum, eða samtals 9000 manns, sem telst nægilega stórt úrtak til að greina megi með nokkurri vissu niðurstöður fyrir félagsmenn samtakanna. Hringt var í eintaklingana og falast eftir þátttöku þeirra en þeim síðan boðið val um að fá spurningalista sendan í almennum pósti eða fylla hann út á netinu. Af hálfu KÍ tóku Elna Katrín Jónsdóttir og Hannes Þorsteinsson þátt í undirbúningi verksins, hönnun spurningalista o.fl. með Capacent. Spurningalistinn innihélt 33 spurningar um laun og starfskjör. Unnið verður úr rannsókninni á tölulegan hátt, í töflum og myndum. Niðurstöður vera birtar í skýrslu þar sem hver spurning verður greind eftir bakgrunnsþáttum og útbúnar verða töflur þar sem laun aðspurðra eru greind eftir stéttarfélagi, starfsstétt, atvinnugrein, kyni og stærð vinnustaðar.

Skólamál

Skólamálaráð

Hlutverk skólamálaráðs Kennarasambands Íslands er skilgreint í 29. grein laga sambandsins en hlutverk skólamálanefnda aðildarféлага í 28. grein.

Skólamálanefndir mynda allar saman skólamálaráð. Formaður skólamálaráðs sem skipaður er af stjórn KÍ og formenn skólamálanefnda aðildarféлага mynda framkvæmdastjórn skólamálaráðs.

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs 2005-2008 skipuðu:

Anna María Gunnarsdóttir, skólamálanefnd FF, Fjölbrotaskólinn í Breiðholti.
 Auður Árný Stefánsdóttir, skólamálanefnd SÍ, Laugalækjarskóla (til hausts 2007 en eftir það) Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólamálanefnd SÍ, Álftanesskóla.
 Jón Hrólfur Sigurjónsson, FT.
 Jónína Konráðsdóttir, skólamálanefnd FL, Sólborg.
 Kristín Jónsdóttir, skólamálanefnd FG, Breiðholtsskóla.
 Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir, FS, Menntaskólinn á Akureyri (til hausts 2007 en eftir það) Steinunn Inga Óttarsdóttir, FS, Menntaskólinn í Kópavogi.

Formaður skólamálaráðs er Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður KÍ. Hún er í fullu starfi fyrir KÍ og fer með yfirumsjón skóla- og menntamála af hálfu KÍ auk annarra viðfangsefna á félags- og kjarasviði. Er þessi skipan mála í samræmi við áherslur þriðja þings KÍ um að efla starfsemi KÍ í skóla- og menntamálum. Framkvæmdastjórn skólamálaráðs heldur fundi mánaðarlega og fjallar þar um fyrirbyggjandi erindi og um mál samkvæmt stefnu og starfsáætlun 2005-2008.

Í upphafi starfs fór framkvæmdastjórn yfir skólastefnu sambandsins og aðrar samþykktir 3. þings KÍ sem snúa að skóla- og menntamálum. Fjallað var um skólamálastarf KÍ og félaga í ljósi sérstakrar áherslu 3. þings KÍ á að efla og lyfta skólamálastarfi og umfjöllun um menntamál innan KÍ og á vegum samtakanna. Framkvæmdastjórnin setti sér stefnu og starfsáætlun. Svokölluð leiðarljós í starfinu á kjörtímabilinu eru þessi:

1. Gera skóla- og menntamál að meira áberandi þætti í starfsemi og ímynd KÍ, auka forystuhlutverk KÍ í skóla- og menntamálum (inn á við og út á við).
2. Auka frumkvæði KÍ í að taka málefni til sjálfstæðrar skoðunar og tjá álit á málum bæði inn á við og út á við.
3. Leita leiða til að tengja KÍ á markvissari hátt við breytinga- og þróunarstarf í leik-, grunn- og framhaldsskólum, efla sameiginlega þekkingu á þessu sviði og miðla henni eftir fongum.
4. Koma á föstu samstarfi við fagfélög kennara.
5. Leita leiða til að tengja KÍ betur við starf háskóla og rannsóknir.
6. Auka þekkingu á Evrópumenntamálum og færni KÍ til þátttöku í slíkri umræðu. Efla úrvinnslu efnis og miðlun þekkingar af vettvangi NLS, norrænu kennarasamtakanna.
7. Efla starf skólamálanefnda félaga og skólamálaráðs og vinna að því að ráðinu verði falin meiri ábyrgð á að vinna og koma fram fyrir hönd KÍ í skóla- og menntamálum.
8. Leita samstarfs við önnur samtök launamanna á sviði skóla- og menntamála.
9. Tengja saman málefnavinnu, funda- og ráðstefnuhald skólamálanefnda í „viðburðadagatal“ sem endurspeglar sameiginlega vinnu innan KÍ að skóla- og menntamálum.

Nokkuð hefur verið fengist við efni samkvæmt tölulíðum 1, 2, 6, 7 og 9 í listanum hér að ofan en enn er mikið verk að vinna varðandi hin leiðarljósín. Stefnumörkun sem

Þessi krefst stöðugar og samfelldrar vinnu í langan tíma, hún felur í sér landnám inn á ný svið og gerir nýjar og breyttar kröfur til starfsemi skólamálanefnda, framkvæmdastjórnar skólamálaráðs og KÍ sem samtaka. Þar má nefna aukna áherslu á frumkvæði KÍ í því að efna til samstarfs við ýmsa aðila, um að hefja ný verkefni og varðandi kynningarstarf. Að öðru leyti er vísað til starfsáætlunar í fylgiskjali með skýrslu stjórnar.

Tíu punkta samkomulagið, niðurstöður nefnda og smíði lagafrumvarpa

Fjallað var á flestum fundum framkvæmdastjórnar frá hausti 2006 og fram á haustið 2007 um tíu punkta samkomulag KÍ og menntamálaráðherra frá 2. febrúar 2006 og framgang vinnu í verkefnisstjórn aðila og nefndum, þar með talið endurskoðun náms og námsskipulags, tillögur um endurskipulagningu starfsnáms og jafngildingu náms, endurskoðun laga, endurskoðun kennaramenntunar og lögverndunarlaga og nefndir um námsráðgjöf og fjarnám. Frá vori 2007 hefur umfjöllun um smíði frumvarpa til laga um skólastigin þrjú og frumvarps til laga um lögverndun og kennaramenntun tekið við af umfjöllun um störf nefnda. Frumvörpin voru flutt á Alþingi skömmu fyrir jólaleyfi og umsagna óskað frá KÍ í janúar 2008. Sérkafla með samantekt um vinnu við tíu punkta samkomulagið má lesa annars staðar í skýrslunni.

Erlent samstarf, ráðstefnur og fræðsla

Á fundum hefur verið fjallað um fyrirhugaðar og liðnar ráðstefnur og framkvæmdastjórnin hefur reynt að halda yfirlit um helstu viðburði sem KÍ og félögin taka þátt í. Framkvæmdastjórnin fylgist með þátttöku KÍ í norrænu samstarfi, einkum starfi NLS í skólastigadeildum, í stjórn samtakanna og námskeiðum á vegum þeirra. Framkvæmdastjórnin telur að til bóta væri fyrir þetta starf ef annar af tveimur fulltrúum aðildarfélaganna KÍ í hverri skólastigadeild væri jafnframt fulltrúi í skólamálanefnd viðkomandi félags. Formaður hefur rætt þetta munnlega í stjórn KÍ. Reynt var að kynna sérstök málefni eða áherslur úr NLS starfinu, meðal annars til þess að hvetja til umræðu í skólamálanefndum og til að tengja okkur við málefnið sem aftur getur haft áhrif á stefnumörkun og vinnu KÍ í skólamálu.

Alla jafna eru haldnir tveir fundir á ári í hverri deild í NLS. Árið 2006 var fundað hér á landi. Fundurinn stóð í fjóra daga og dagskrá var að mestu sameiginleg á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Meðal annars var fjallað um fagmennsku kennara. Fundarmenn fengu kynningu í KHÍ um breytingar sem þá voru áformaðar á kennaramenntun. Einnig fengu þeir kynningu frá menntamálaráðuneytinu á íslensku skólakerfi og vinnunni við tíu punkta samkomulagið. Fundarmenn voru sammála um að einkar gagnlegt hefði verið að funda saman í öllum deildum og búast má við að slíkir fundir verði reglubundið á dagskrá innan NLS í framtíðinni.

Evrópumenntamál voru tekin á dagskrá eftir því sem unnt var og m.a. fjallað um Lissabon áætlunina, Bologna ferlið og Evrópuáætlun í menntamálum til ársins 2010. Framkvæmdastjórnin leitast við að fylgjast með völdum málum af vettvangi Education International og ETUCE eftir því sem aðstæður leyfa og skrifaði formaður m.a. innlegg af hálfu KÍ í samráðsgreinargerð á vegum ETUCE um skóla 21. aldarinnar og um kennaramenntun, kennarastarfið og gæði kennaramenntunar. Formaður skólamálaráðs er fulltrúi KÍ á samráðsvettvangi ETUCE og EI sem kallast Pan European Structure og heldur fundi tvisvar á ári í Luxembourg og hefur gert framkvæmdastjórn grein fyrir helstu málum sem þar hafa verið tekin fyrir. Velja verður úr mál vegna umfangs starfsins þar og smæðar KÍ og stofnana þess.

Fræðslu- og umræðufundir

Niðurstöður Pisa rannsóknar 2006 og námsmat í grunn- og framhaldsskólum

Pisa rannsóknin og niðurstöður hennar voru ræddar á sérstökum fundi með skólamálanefndum félaganna 11. desember 2007. Þar flutti Júlíus Björnsson forstöðumaður Námsmatsstofnunar framsöguerindi um rannsóknina og niðurstöður hennar, bæði almennt og fyrir Ísland. Fjórugar umræður spunnust á fundinum um íslenskan grunnskóla, nám nemenda, störf kennara, menntun og starfsþróun og fleira skylt. Á sama fundi flutti Magnús Þorkelsson framsöguerindi um ákvæði frumvarpa til laga um grunn- og framhaldsskóla um námsmat. Í máli hans kom m.a. fram að breytingar eru fyrirhugaðar á samræmdum prófum í 10. bekk grunnskóla og að gert er ráð fyrir samræmdum könnunarprófum í framhaldsskólum. Frekari útfærslur vantar hins vegar um bæði atriði. Júlíus talaði einnig undir liðnum námsmat og kynnti vinnu við þróun einstaklingsmiðaðra töluvæðdra könnunarprófa (ETK) sem eru aðlöguð þekkingu og færni nemenda þannig að þeir leysa í raun mismunandi verkefni. Til fundarins var, auk skólamálanefnda, boðið fulltrúa KÍ í stjórn Námsmatsstofnunar, Hjördísi Þorgeirsdóttur og formönnum aðildarfélaga KÍ.

Símenntun

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs ákvað að safna gögnum um símenntun félagsmanna í aðildarfélögum KÍ svo sem um rétt til símenntunar, ákvarðanatöku um símenntun og fjármögnun hennar af opinberu fé. Fundur um þetta málefni er fyrirhugaður á næstu vikum. Ennfremur voru ákvæði um námsorlof kennara og skólastjóra skoðuð, meðal annar

s í því skyni að öðlast þekkingu og yfirsýn um þróun fjárveitinga til námsorlofa, inntak réttar kennara til þeirra og eftirspurn eftir þeim. Fundur um málið er framundan þegar þessi skýrsla er skrifuð og er markmiðið m.a. að kanna stöðu símenntunar félagsmanna KÍ, ræða framboð og fyrirkomulag og sjónarmið um hvar þarf helst að sækja fram í þessum efnum. Líflæg umræða fer fram bæði innanlands og utan um þýðingu símenntunar fyrir kennara og aðrar fagstéttir og um samhengi hennar við grunn- og framhaldsmenntun, starfsþróun og rannsóknir. Fyrirferðarmikið atriði í umræðunni er sú staðreynd að mörg Evrópulönd standa sig frekar illa hvað varðar fjármuni til símenntunar kennara, aðgengi að henni og aðstæður kennara til að stunda símenntun meðfram starfi. KÍ telur Ísland fráleitt undanskilið þessum hópi og bendir á litla aukningu fjármuna á fjárlögum til símenntunar grunnskólakennara, litla hlutfallslega fjölgun launaðra námsorlofa grunn- og framhaldsskólakennara og þá staðreynd að kennarar eigi ekki skýran rétt til launaðs námsorlofs.

Umsagnir um lagafrumvörp

Formaður skólamálaráðs ritaði af hálfu KÍ umsagnir um ýmis lagafrumvörp og þingsályktunartillögur. Fjallað var um þessi mál eftir föngum í framkvæmdastjórn ráðsins. Fjallað var um meginatriði frumvarps til laga um sameiningu HÍ og KHÍ og um frumvarp til laga um námsgögn en bæði þessi mál urðu að lögum á Alþingi 2006-2007. KÍ og aðildarfélögin unnu umsagnir um frumvörp til laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla og um frumvarp um menntun og ráðningu kennara í ársbyrjun 2008. Allar umsagnir eru birtar á heimasíðu KÍ www.ki.is

Endurskoðun laga KÍ

Framkvæmdastjórnin hefur í tengslum við endurskoðun laga KÍ fyrir þing sambandsins lagt fram breytingatillögur um greinar 28 og 29 í ljósi reynslu af starfi skólamálaráðs og áherslna sem framkvæmdastjórnin hefur sett fram og endurspeglast m.a. í starfsáætlun ráðsins (sem er fylgiskjal með skýrslu þessari).

Undirbúningur 4. þings KÍ

Skólastefna KÍ

Tillögur um skólastefnu KÍ 2008-2011 hafa að vanda verið undirbúnar í skólamálanefndum aðildarfélaga og er miðað við að ganga lengra en áður í að einfalda og samhæfa skólastefnu fyrir leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla.

Siðareglur og siðanefnd

Þriðja þing KÍ 2005 vísaði málefnum siðanefndar til skólamálaráðs til tillögugerðar í framhaldi af setningu siðareglna kennara á 2. þingi KÍ 2002 og umræðu sem ekki fékkst niðurstaða um á þriðja þingi árið 2005. Skólamálaráð leggur tillögu sína um málið fyrir 4. þing KÍ.

Tíu punkta samkomulagið

KÍ gerði 2. febrúar 2006 svofellt samkomulag við menntamálaráðherra um *Skólastarf og skólaumbætur, 10 skref til sóknar*:

Menntamálaráðherra og Kennarasamband Íslands eru sammála um að vinna saman að eftirfarandi verkefnum sem stefna að sveigjanlegra skólakerfi á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna.

1. Endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla hefst vorið 2006. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er aukin samfella milli skólastiganna, sveigjanleiki milli og innan skólastiga og að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda. Lokamarkmiðið er betri menntun og betri námsárangur nemenda.
2. Efling kennaramenntunar er ein helsta forsenda þess að hægt sé að þróa og styrkja íslenska menntakerfið. Nefnd um framtíð kennaramenntunar er nú að störfum og verður tekin ákvörðun um markvissa eflingu kennaramenntunar á grundvelli niðurstaðna hennar.
3. Framhaldsskólum verður gefinn fjögurra ára aðlögunartími til að takast á við breytta námsskipan, á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna, út frá eigin skipulagi.
4. Unnið verður að eflingu endurmenntunar kennara á öllum skólastigum í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna.
5. Starfsheiti leikskólakennara verður löggilt.
6. Verk- og starfsnám í grunn- og framhaldsskólum verður eflt, skipulag einfaldað og hvatt til aukinnar aðsóknar í slíkt nám.
7. Almenn braut framhaldsskólans verður endurskipulögð og efld með viðtækum hætti, náms- og starfsráðgjöf styrkt og stuðlað verður að því að áfram dragi úr brottfalli í framhaldsskólum.

8. Námsefnisgerð allra skólastiga verður eflað með nýjum lögum um Námsgagnastofnun, eflingu þróunarsjóða og námsefnisgerðarsjóðs auk aukinnar áherslu á gerð stafræns námsefnis.
9. Fjar- og dreifnám verður skilgreint með skipulegum hætti í samræmi við gæðamat í því skyni að auka sveigjanleika skólakerfisins og fjölga valkostum.
10. Aðilar vinna saman að því að starf kennara og starfsumhverfi verði aðlaðandi og eftirsóknarvert.

Samkomulagið var undirritað 2. febrúar 2006

Stjórnir KÍ og félaga, skólamálanefndir félaga og framkvæmdastjórn skólamálaráðs fjölluðu á fjölmörgum fundum sínum um samkomulagið í heild sinni og einstaka þætti þess, um starf nefnda sem samkomulaginu tengjast. Eiríkur Jónsson, formaður KÍ undirritaði samkomulagið f.h. sambandsins. Stjórn KÍ hafði yfirumsjón með samskiptum við menntamálaráðherra og ráðuneyti hennar um málið. Í sérstaka verkefnisstjórn aðila um málið kaus stjórn KÍ Elnu Katrínu Jónsdóttur, varaformann og formann skólamálaráðs og Ólaf Loftsson, formann FG.

Verkefnisstjórnin samdi og birti í maí 2006 greinargerð um útfærslu hinna tíu atriða samkomulagsins og gerði meðal annars tillögur um markmið og inntak í starfi einstakra nefnda ásamt tillögum um samstarf aðila við samhæfingu og samræmingu mála að nefndastarfi loknu.

Nefndir samkvæmt tíu punkta samkomulaginu

Nokkrar nefndir sem höfðu hafið störf áður en samkomulagið var gert voru felldar undir það. Nefnd um *fram tíðarskipan kennaramenntunar* skilaði lokaskýrslu í mars 2006 og *nefnd um endurskoðun starfsnáms* í júlí sama ár. Nefnd um *endurskoðun grunnskólalaga* hafði einnig hafið störf áður en samkomulagið var gert en nefndir um endurskoðun *leik- og framhaldsskóla* hófu störf síðar. Nefnd um *endurskoðun lögverndunarlags* lagði fram lokaskýrslu sína í nóvember 2006.

Af nefndum sem fengust við tillögugerð um *nám og námskipan* lögðu auk *starfsnámsnefndar* eftirtaldar nefndir fram lokaskýrslur og tillögur sínar: *Nefnd um almenna námsbraut*, *nefnd um fjar- og dreifnám*, *nefnd um náms- og starfsráðgjöf* og *nefnd um fjölbreytileika og sveigjanleika í skipulagi náms og námsframboðs*. Tillögur síðasttöldu nefndarinnar skera sig úr öðrum fyrir þá sök að í tillögum hennar felst allmikil úrvinnsla úr tillögum annarra nefnda og tillögur hennar eru þannig komnar skrefi lengra og má lesa lokaskýrslu hennar sem tillögu um framkvæmdaáætlun fyrir víðtækar skólaumbætur í grunn- og framhaldsskólum. Allar lokaskýrslur, upphaflega samkomulagið frá 2. febrúar 2006, greinargerð verkefnisstjórnar og ýmis erindi og greinar er að finna á sérstöku vefsvæði um tíu punkta samkomulagið á vef KÍ. Auk þess setti menntamálaráðuneytið upp vefsvæði þar sem afurðir tíu punkta vinnunnar eru birtar og ennfremur vef um frumvörp til laga, svokölluð menntafrumvörp, sem lögð voru fram á Alþingi í árslok 2007.

Menntafrumvörpin

KÍ lagði seint í mars 2007 fram tillögu í verkefnisstjórn aðila tíu punkta samkomulagsins þess efnis að vegna hlés á störfum Alþingis og nálægðar við kosningar yrði gert hlé á vinnu við endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla enda þá þegar sýnt að engin frumvörp yrðu flutt um þau efni meir á kjörtímabilinu. Í tillögu sinni lagði KÍ á hinn bóginn áherslu á að lokið yrði við menntastefnuna og gengið frá frumvarpi til laga um lögverndun með útfærslu á

tillögum kennaramenntunarnefndar um lengda og breytta kennaramenntun. Sambandið taldi miður að ekki náðist að flytja frumvarp um þetta efni á Alþingi veturinn 2006-2007 en lagði ríka áherslu á að frumvarp sem innihéldi ákvæði um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum leikskólakennara til jafns við aðra kennara og um vandaða útfærslu á lengdri og breyttri kennaramenntun yrði flutt á Alþingi næsta haust.

Frumvörp til laga um leik- og grunnskóla og um lögverndun og kennaramenntun voru svo að segja fullbúin vorið 2007 og endurskoðunarnefndir luku þá eiginlega störfum þó ýmis atriði stæðu enn út af samkvæmt skilningi KÍ. Nokkur atriði voru enn óljós um efni frumvarps til laga um menntun og ráðningu kennara en að þeim var unnið í menntamálaráðuneyti eftir að starfi nefnda var hætt eða því lauk. Vinna við framhaldsskólafrumvarp var mun skemmra á veg komin á þessum tíma, meðal annars vegna þess að hún hófst seinna, en ekki síður vegna þess að þar voru langmestu breytingarnar. Miklu meiri átök og deilur stóðu um síðasttalda frumvarpið en hin þrjú.

Skemmst er frá að segja að fjögur stjórnarfrumvörp voru flutt á Alþingi skömmu fyrir júl 2007; þrjú um endurskoðun á lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla og eitt um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Síðasttalda frumvarpið leysir af hólmi lögverndunarlögin og inniheldur veruleg nýmæli þar sem er annars vegar lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum leikskólakennara og leikskólastjóra og hins vegar lenging kennaramenntunar í fimm ár á öllum þremur skólastigunum. Umsagnir KÍ um frumvörpin eru á heimasíðu KÍ ásamt umsögnum fleiri aðila og þær liggja einnig frammi á þingi KÍ.

Mat KÍ á samkomulaginu

KÍ telur tíu punkta samkomulagið, og þá tveggja ára vinnu sem því tengist, um margt merkilega reynslu og athyglisverða tilraun til samstarfs við menntamálaráðherra á víðtækari grundvelli en áður hafði verið reynt. KÍ telur hins vegar miður að ekki varð úr samstarfi aðila tíu punkta samkomulagsins að loknu nefndastarfi um að fara yfir nefndarálit, meta og samhæfa tillögugerð, frumvarpasmíði og aðra framkvæmd eða útfærslur á breytingum í menntakerfinu. KÍ hefur aldrei í þessu ferli dregið í efa verk- og valdsvið menntamálaráðherra sem æðsta yfirmanns menntamála í landinu og því ávallt gert sér grein fyrir því að lagafrumvörp sem flutt yrðu á Alþingi væru á ábyrgð menntamálaráðherra og ríkisstjórnar þar sem hér er um stjórnarfrumvörp að ræða. Það breytir þó engu um það að gildi samstarfsins er minna en verið hefði ef lýðræðislegt samstarf aðila samkomulagsins hefði haldist allt til loka. Samkomulagsaðilar ræddu ekki einstök nefndarálit í samhengi og ekki varð til í samstarfi aðila heildaráætlun um breytingar í menntakerfinu. Það er skoðun KÍ að ýmis mikilvæg mál sem einstakar nefndir gerðu tillögur um hafi ekki ratað inn í lagafrumvörp um skólastigin auk þess sem minna varð úr skipulegri samhæfingar- og samræmingarvinnu milli frumvarpa þannig að þau mynduðu heild í samræmi við sett markmið í samkomulaginu frá febrúar 2006.

Frá þingkjörnum nefndum og ráðum

Orlofssjóður

Á 3. þingi Kennarasambands Íslands voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Formaður:	Hilmar Ingólfsson	Varamenn:	Anna Jóna Guðmundsdóttir
Aðalmenn:	Gunnlaugur Ástgeirsson		Dagbjört Hjaltadóttir
	Helgi Már Eggertsson		Linda Traustadóttir
	Inga Líndal Finnbogadóttir		
	Ingunn Sigurðardóttir		
	Valgeir Gestsson		
	Valgerður Ákadóttir		

Á fyrsta fundi stjórnar var kosin framkvæmdastjórn og skipuðu hana Hilmar Ingólfsson formaður, Helgi Már Eggertsson og Valgeir Gestsson. Valgeir Gestsson var kosinn varaformaður og ritari. Hilmar Ingólfsson hætti sem formaður 16. nóvember og tók Valgeir Gestsson varaformaður við starfi hans, Gunnlaugur Ástgeirsson var kosinn varaformaður og Helgi Már Eggertsson ritari. Anna Jóna Guðmundsdóttir tók sæti sem aðalmaður í stjórn frá sama tíma.

Stjórnarfundir á kjörtímabilinu voru 21. Fundir framkvæmdastjórnar voru 84.

Starfsmenn

Hanna Dóra Þórisdóttir, framkvæmdastjóri Orlofssjóðs, 100% starf

Sigríður Halla Runólfssdóttir, umsjón Sóleijargötu 25 og 33, 100% starf

Ólafur Ómar Hlöðversson, umsjónarmaður í Ásabyggð og Heiðarbyggð, 100% starf
Sólveig Hallgrímsdóttir, starfsmaður í Ásabyggð og Heiðarbyggð, 100% starf frá 1/11 2007

Karen Grétarsdóttir umsjónarmaður í Kjarnabyggð 30% starf

Ragnheiður Ármannsdóttir, fulltrúi, 50% starf frá 26/2 2008

Valgeir Gestsson formaður, sérverkefni svo sem umsjón með heimasíðu, Hannibal, áætlanagerð, ferðablaði o.fl.

3. þing Kennarasambands Íslands fól stjórn Orlofssjóðs að vinna að eftirtöldum verkefnum á kjörtímabilinu.

Orlofsíbúðir og orlofshús

- Byggð verði fjögur orlofshús í Heiðarbyggð á næsta kjörtímabili, þar af eitt þar sem kjallari yrði nýttur sem fundaraðstaða.
- Keypt verði eitt orlofshús í Kjarnaskógi við Akureyri á kjörtímabilinu.
- Tryggt verði framboð sumarhúsa víðs vegar um landið og erlendis til endurleigu fyrir félagsmenn.
- Haldið verði áfram að greiða niður hótलगistingu með hótelmiðum.
- Áfram verði aukið við fjölbreytni orlofstilboða, t.d. með „Orlofsstyrk vegna ferða og/eða gistingar“.
- Leitað verði leiða til að lækka gistikostnað félagsmanna og auka hagsýni í rekstri.

- Þingið beinir því til stjórnar KÍ og aðildarfélaganna KÍ að lögð verði áhersla á nauðsyn þess að hækka orlofsgjaldið upp í a.m.k. 0.50% til jafns við framlög vegna félaga í FL.
- Kynning á orlofsmálum verði aukin til muna meðal félagsmanna svo sem á haustþingum, með samskiptum við trúnaðarmenn og á fundum svæðafélaga.
- Gerð verði netkönnun á meðal félagsmanna um orlofsmál.

Þessi verkefni voru flest framkvæmd en ekki tókst að kaupa orlofshús í Kjarnabyggð. Þess í stað voru endurnýjuð tvö hús í Ásabyggð og byggð sex hús í Heiðarbyggð í stað fjögurra. Orlofsgjaldið er enn óbreytt.

Eignir Orlofssjóð eru:

Ásabyggð, þrettán orlofshús

Tvö hús voru endurnýjuð 2007, nr. 32 og 33, og voru byggð stærri hús sem voru tekin í notkun sumarið 2007. Gömlu húsin voru seld hæstbjóðanda. Heildarnýting í Ásabyggð árið 2007 var 55% og hefur ekki verið hægt að anna eftirspurn um helgar.

Heiðarbyggð, sex orlofshús

Fyrstu sex húsin voru tekin í notkun sumarið 2002. Húsin eru 87 m², í þeim eru þrjú svefnherbergi, tvö með hjónarúmi auk barnarúms og eitt herbergi með tveim kojum. Við húsin er 40 m² verönd með heitum potti. Leiga á húsunum hefur farið fram úr björtustu vonum og eru þau bókuð fjóra mánuði fram í tímann. Flest húsin eru leigð í vikuleigu á sumrin en sólarhringsleigu á öðrum tímum. Heildarnýting í Heiðarbyggð 2007 var 60% og hefur ekki verið hægt að anna eftirspurn um helgar. Í byggingu eru sex ný hús sem verða tekin í notkun sumarið 2008. Unnið er að fundaraðstöðu í kjallara í húsi 2 og verður fundaraðstaðan tekin í gagnid á þessu ári.

Kjarnabyggð, fjögur orlofshús

Orlofssjóður á fjögur orlofshús í Kjarnabyggð. Húsin eru tvennskonar annars vegar eldri húsin sem eru númer 4 og 12, 55m² með 3 svefnherbergjum og svefnplássi fyrir sex. Nýrri húsin voru afhent 2002 og 2003 og eru númer 5 og 7 og eru þau 70m², með þremur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir átta. Mikil leiga er allan ársins hring. Heildarnýting í Kjarnabyggð 2007 var 66% og hefur ekki verið hægt að anna eftirspurn um helgar. Formaður Orlofssjóðs situr í stjórn félags orlofshúsaeigenda í Kjarnabyggð.

Sóleyjargata 33, fjórar íbúðir og fimm herbergi

Í orlofshúsinu eru fjórar íbúðir, fimm herbergi og sameiginlegt eldhús fyrir herbergin. Mikil eftirspurn hefur verið eftir leigu á Sóleyjargötunni. Heildarnýting á húsnæðinu 2007 var 77% og hefur ekki verið hægt að anna eftirspurn um helgar.

Sóleyjargata 25, sex íbúðir

Í orlofshúsinu er sex íbúðir frá 34-63m². Heildarnýting á húsnæðinu 2007 var 80% og hefur ekki verið hægt að anna eftirspurn um helgar.

Önnur leiga:**Sumarleiga/ endurleiguhús**

Sumarið 2007 voru 120 orlofshús / leiguingar í boði á 70 stöðum víðsvegar um landið og á Spáni. Alls voru 1224 leiguvikur í boði frá 30/5 – 29/8. Vinsælustu orlofshúsin sumarið 2007 voru Kjarnaskógur, Heiðarbyggð og Ásabyggð. Eftir úthlutun höfðu 50% umsækjenda fengið úthlutun en þá voru 100 lausar vikur á Orlofsvefnum sem leigðust flestallar. Af þeim 676 sem fengu úthlutun greiddu aðeins 386 úthlutunina eða 57% þeirra sem fengu úthlutun og skiluðu hinir úthlutun.

Haldið var áfram með Flakkarann á 35 stöðum þar sem hægt var að panta stakar nætur. Þetta tilboð gekk mjög vel. Alls voru leigðar 1872 gistinætur sem Flakkaratilboð sem var 80% nýting. Sú breyting hefur orðið með sumarleigu að 38% leiguhúsa eru í boði sem Flakkaraleiga. Stefnt er að því að fjölga flakkaratilboðum og fækka orlofshúsum í vikuleigu.

Sólarferðir

Sumarið 2007 voru 7 leiguíbúðir til leigu á Torrevieja. Boðið var upp á hótél íbúðagistingu á Calpe, Mallorca og Benidorm. Sú nýjung var tekin upp sumarið 2007 að selja afsláttarmiða til Tyrklands. Alls voru seldir 120 miðar.

Hótelmiðar / afsláttarmiðar

Orlofssjóður býður félagsmönnum afsláttarmiða á Hótel Eddu, Fosshótelum og Flugleiðahótelum. Afsláttarmiðinn gildir fyrir tveggja manna herbergi með baði og morgunverði fyrir tvo. Orlofssjóður niðurgreiðir þessa gistingu. Alls voru seldir um 950 miðar á hótelum síðastliðið sumar. Verð er frá 3.900-5.700 fyrir sólarhringsleigu. Einnig eru niðurgreiddir hótelmiðar á Hótel Keflavík, Hótel Breiðafjörðum og Gistihúsinu Alba. Boðið var upp á afsláttarmiða í gönguferð á Hornstrandir og fyrir tjaldvagna.

Önnur verkefni

Unnið hefur verið með ferðaskrifstofum að því að ná ódýru leiguflugi til sólarlanda. Á síðasta sumri bókuðu félagar KÍ og fjölskyldur þeirra alls 800 sæti til sólarlanda. Ný nýjung var tekin upp 2007 að bjóða upp á niðurgreiddar páskaferðir til Tallinn og Prag og gönguferð á Hornstrandir.

Tölvumál

1. mars 2007 var opnuð ný heimasíða Orlofssjóðs. Þar er að finna upplýsingar um allar leiguingar sem eru í boði ásamt myndum af öllum eignum. Einnig er að finna kynningu á öðrum ferðatilboðum Orlofssjóðs. Á Orlofsvefnum er hægt að panta, skoða orlofstilboð, punktastöðu félagsmanna, verðskrá og úthlutunarreglur. 83% bókana eru á Orlofsvefnum. Á síðasta ári var gengið frá þráðlausu netsambandi á Sóleyjargötu og í Heiðarbyggð. Þráðlaust netsamband verður sett upp í Ásabyggð á vordögum 2008.

Sjúkrasjóður

Sjúkrasjóður KÍ var stofnaður á stofnþingi KÍ 1999 og honum markaður tekjustofn með samningum KÍ við ríki og sveitarfélög í nóvember 2000. Vinnuveitendur hafa greitt í sjóðinn frá ársbyrjun 2001 en úthlutanir hófust 1. nóvember 2001. Úthlutað er í hverjum mánuði.

Tilgangur sjóðsins er:

- að veita félagsmönnum í Kennarasambands Íslands fjárhagsaðstoð vegna veikinda, slysa og dauðsfalla, einnig vegna örorku.
- að styðja félagsmenn vegna endurhæfingar eftir slys eða sjúkdóma.
- að styðja félagsmenn í fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi, heilsufar og heilbrigði þeirra.

Stjórn og starfsmenn

Á þingi KÍ 2005 var Svava Pétursdóttir kjörin formaður Sjúkrasjóðs og eftirtaldir kjörnir í stjórn sjóðsins: Eybór Benediktsson Grunnskóla Stykkishólms, Heiða Björk Rúnarsdóttir leikskólanum Kópasteini, Kristín Stefánsdóttir Tónlistarskóla Kópavogs, og Toby Sigrún Herman Menntaskólanum í Reykjavík. Í júní 2007 hélt Svava Pétursdóttir til náms erlendis en við formennsku tók Kristín Stefánsdóttir. Á sama tíma tók Árdís Jónsdóttir, Þjósárskóla, sæti í stjórn sjóðsins. Aðrir varafulltrúar sem kjörnir voru á þinginu eru: Ingibergur Elíasson FF, Kristín Jónsdóttir FG, Margrét Guðbrandsdóttir FG, og Soffía Þorsteinsdóttir FL.

Á fyrri hluta tímabilsins voru María Norðdahl og Ómar Árnason fastir starfsmenn Sjúkrasjóðs, bæði í hlutastarfi, auk þess sem Ingibjörg Úlfarsdóttir sinnti símsvörun og öðrum verkefnum fyrir sjóðinn. Í veikindaförföllum sinntu aðrir einnig tímabundnum verkefnum. Í kjölfar þjónustusamnings Sjúkrasjóðs við KÍ hafa orðið breytingar í starfsmannamálum. María Norðdahl og Sigrún Harðardóttir, starfsmenn sjóða, sinna nú verkefnum Sjúkrasjóðs auk þess sem breytingar verða á fyrirkomulagi útborgana styrkja. Eftir að Ómar Árnason lét af störfum vegna aldurs hefur hann sinnt sérverkefnum fyrir Sjúkrasjóð en mun væntanlega ljúka störfum á næstunni. Eru honum færðar þakkir fyrir vel unnin störf.

Fundir í stjórn Sjúkrasjóðs eru haldnir í lok hvers mánaðar og eru þá teknar til afgreiðslu umsóknir um sjúkradagpeninga og umsóknir skv. 6. gr. úthlutunarreglna sem og aðrar umsóknir sem nauðsynlegt er að stjórn fjalli um. Enn fremur staðfestir stjórnin afgreiðslu starfsmanna á umsóknum sem falla að reglum sjóðsins. Stjórn og starfsmenn fylgjast reglulega með breytingum á úthlutunarreglum annarra sjúkrasjóða og hefur samstarf við starfsmenn þeirra verið gott.

Úthlutunarreglur og eyðublöð

Eyðublöð vegna styrkumsókna eru þrenns konar: Umsókn um sjúkradagpeninga, umsókn um styrk úr Sjúkrasjóði KÍ og umsókn um dánarbætur. Eyðublöðin eru á vefsíðu KÍ, auk þess sem þau má nálgast á skrifstofu KÍ og hjá trúnaðarmönnum.

Í samræmi við reglur Sjúkrasjóðs KÍ hafa breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins verið kynntar í Skólavörðunni og birtar á vef Kennarasambandsins auk þess sem trúnaðarmönnum KÍ eru sendar upplýsingar þegar úthlutunarreglum er breytt.


Starfsemi og úthlutunarreglur sjóðsins hafa verið kynntar innan aðildarféлага KÍ þegar þess hefur verið óskað, m.a. á trúnaðarmannanámsskeiðum.

Tekjur og úthlutanir

Frá upphafi og til ársloka 2005 var árlegur hagnaður af starfsemi sjóðsins enda talið nauðsynlegt að sjóðurinn eignaðist tryggan höfuðstól. Úthlutanir jukust þó á hverju ári jafnframt því sem sjóðurinn eflidist. Í árslok 2005 var sjóðurinn orðinn það stöndugur að ekki var lengur ástæða til að miða að árlegum tekjuafgangi. Var styrkflokkum fjölgað og styrkfjárhæðir hækkaðar en útgjöld fóru fram úr áætlunum árið 2006. Í ársbyrjun 2007 voru úthlutunarreglur þrengdar frá fyrra ári en útgjöld fóru þó fram úr árstekjum sjóðsins.

Frá janúar 2006 hefur verið tekin staðgreiðsla af öllum styrkveitingum Sjúkrasjóðs.

Á eftirfarandi mynd má sjá árlegar tekjur og úthlutanir Sjúkrasjóðs KÍ á tímabilinu 2003 til 2007. Af yfirlitinu sést glögg að höfuðstóll Sjúkrasjóðs hefur rýrnað verulega á undanförunum tveimur árum og því brýnt að bregðast við. Í ársbyrjun 2008 voru úthlutunarreglur sjóðsins þrengdar á ný og telur stjórnin nauðsynlegt að fylgjast vel með þróun mála á næstu mánuðum.



Heildarúthlutanir árin 2005, 2006 og 2007 skiptust á milli styrkflokka sem hér segir:

2005:

	Upphæð	%
Meðferðarstyrkir	22.636.000	25,6%
Krabbameinsleit/Hjartavernd	3.390.270	3,8%
Sjúkradagpeningar	15.125.585	17,1%
Sjúkradagpen. v/maka-barna	1.797.400	2,0%
Dánarbætur	2.863.260	3,2%
Tannlæknakostnaður	25.794.663	29,1%
Heyrnartæki/sjóngler	6.878.648	7,8%
Aðrir styrkir	554.475	0,6%
Laseraðgerðir	3.772.500	4,3%
Ættleiðingar	2.000.000	2,3%
Frjósemisaðgerðir	3.680.000	4,2%

Samtals	88.492.801	100,0%
2006:		
	Upphæð	%
Meðferðarstyrkir	23.609.880	16,2%
Krabbameinsleit/Hjartavernd	4.464.496	3,1%
Sjúkradagpeningar	47.792.407	32,8%
Sjúkradagpen. v/maka-barna	2.920.010	2,0%
Dánarbætur	3.496.286	2,4%
Tannlæknakostnaður	38.558.409	26,5%
Heyrnartæki/sjóngler	7.897.471	5,4%
Aðrir styrkir	810.710	0,6%
Laseraðgerðir	11.250.000	7,7%
Ættleiðing	400.000	0,3%
Frjósemisaðgerðir	4.529.640	3,1%
Samtals	145.729.309	100%

2007:		
	Upphæð	%
Meðferðarstyrkir	25.509.897	16,6%
Krabbameinsleit/Hjartavernd	4.140.717	2,7%
Sjúkradagpeningar	63.972.356	41,6%
Sjúkradagpen. v/maka-barna	1.592.970	1,0%
Dánarbætur	2.909.364	1,9%
Tannlæknakostnaður	33.015.973	21,4%
Heyrnartæki/sjóngler	8.274.199	5,4%
Aðrir styrkir	449.393	0,3%
Laseraðgerðir	8.796.362	5,7%
Ættleiðingar	200.000	0,1%
Frjósemisaðgerðir	5.083.500	3,3%
Samtals	153.944.731	100,0%

Frá upphafi og til ársloka 2007 hafa verið afgreiddar um 16.000 styrkumsóknir og nema úthlutanir frá upphafi um 600 milljónum króna, þar af um 390 milljónum króna á árunum 2005-2007.

Lokaorð

Í þeirri stöðu að þurfa að þrengja úthlutunarreglur hefur stjórn Sjúkrasjóðs KÍ haft það að leiðarljósi að sjóðurinn geti aðstoðað þar sem þörfin er brýnust. Ef bornar eru saman úthlutanir þessara ára sést að dregið hefur úr styrkveitingum vegna tannviðgerða og laseraðgerða enda hafa úthlutunarreglur vegna þeirra verið þrengdar. Á hinn bóginn eru greiðslur sjúkradagpeninga sívaxandi og er það áhyggjuefni, ekki síst í ljósi aldursamsetningar félagsmanna KÍ og þess að svo virðist sem þeim kennurum fjölgi sífellt sem falla út af vinnumarkaði fyrir sextugt sökum heilsubreysts af völdum álags í starfi. Vandséð er því hvernig Sjúkrasjóður getur sinnt hlutverki sínu í framtíðinni án þess að til komi auknar tekjur en brýnt er einnig að leita leiða til að létta vinnuálagi af kennurum og bæta líðan þeirra í starfi.

Stjórn Sjúkrasjóðs KÍ hefur verið tilkynnt að frá og með miðju ári 2008 verði framlög til sjóðsins skert tímabundið úr 0,37% af heildarlaunum í 0,35% vegna fjárhagsvanda Fjölskyldu- og styrktarstjóðs. Því er ljóst að gæta verður ítrasta aðhalds, jafnframt því að sjóðurinn sinni hlutverki sínu eftir bestu getu.

Vinnudeilusjóður

1. Stjórn

1.1 Skipan stjórnar

Á 3. þingi Kennarasambandsins 14. - 15. mars 2005 voru kosnir í stjórn Vinnudeilusjóðs:

Aðalmenn

Árni Heimir Jónsson formaður

Brynja Dagmar Matthíasdóttir

Guðjón S. Þorláksson

Guðni Sig. Óskarsson

Elín Mjöll Jónasdóttir

Varamenn

Ólöf Inga Andrésdóttir

Björgvin R. Leifsson

Kristín Kolbeinsdóttir

Guðrún Á. Guðmundsdóttir

Sturla D. Þorsteinsson

Formaður stjórnar Vinnudeilusjóðs, Árni Heimir Jónsson, lést 16. júlí 2006. Á fundi stjórnar sjóðsins 31. júlí var samþykkt að leggja til við stjórn Kennarasambands Íslands að Guðni Sig. Óskarsson gegni starfi formanns Vinnudeilusjóðs út kjörtímabilið. Á sama fundi kom Ólöf Inga Andrésdóttir inn í stjórnina sem aðalmaður. Á stjórnarfundum KÍ 17. ágúst 2006 var skipan Guðna Sig. Óskarssonar sem formanns sjóðsstjórnar samþykkt.

Á fundi sjóðsstjórnar 31. júlí 2006 var samþykkt að gefa Krabbameinsfélagi Íslands kr. 100.000 til minningar um Árna Heimi Jónsson.

1.2 Fundir stjórnar

Stjórnin hélt 13 fundi á árunum 2005-2007.

1.3 Starfsmaður stjórnar

Valgeir Gestsson er í hlutastarfi sem starfsmaður Vinnudeilusjóðs KÍ.

2. Fjármál

2.1 Iðgjöld

Á 3. þingi KÍ 2005 var samþykkt tillaga stjórnar Kennarasambands Íslands um að lækka félagsgjöld KÍ úr 1,7% af dagvinnulaunum í 1,6%. Hlutur Vinnudeilusjóðs af iðgjöldum lækkaði úr 0,525% í 0,45%. Ætla má að lækkunin nemi um tíu milljónum á ári. Tillaga um lækkun iðgjalda kom stjórn Vinnudeilusjóðs mjög á óvart og var þess farið á leit við stjórn Kennarasambandsins að framvegis verði tillögur um breytingar á iðgjöldum sendar stjórn sjóðsins til umsagnar.

2.2 Ávöxtun sjóðsins og eignir við lok samningstíma aðildarfélaga KÍ 2008.

Um áramótin 2004 - 2005 voru um 420 milljónir í sjóðnum eftir uppgjör á verkfalli FG og SÍ. Mánaðarlega renna um tíu milljónir króna af félagsgjöldum í sjóðinn. Með tilliti til góðrar ávöxtunar sjóðsins 2005 - 2007 er áætlað að í sjóðnum verði um einn milljarður þegar kjarasamningar aðildarfélaga KÍ renna út árið 2008.

2.3 Lögfræðikostnaður

Viðmiðunarreglur Vinnudeilusjóðs Kennarasambands Íslands um greiðslur vegna lögfræðikostnaðar:

Vinnudeilusjóður KÍ tekur þátt í lögfræði- og dómskostnaði vegna mála sem teljast vinnudeilur skv. 2. gr. í reglum sjóðsins og falla undir eftirfarandi viðmiðunarreglur.

1. a) Ágreiningsmál um túlkun og framkvæmd kjarasamninga.
b) Ágreiningsmál um sérkjör félagsmanna við ákveðna skóla eða hjá ákveðnum vinnuveitendum sem samið hefur verið um eða hefð er fyrir.
2. Ágreiningsmál skulu hafa stoð í kjarasamninga og hafa almenna skírskotun til félagsmanna KÍ og þeirra laga, reglna og hefða sem gilt hafa um framkvæmd kjarasamninga.
3. Vinnudeilusjóður kostar ekki málarekstur:
 - a) sem einstaklingar stofna til persónulega og falla ekki að þessum viðmiðunarreglum,
 - b) vegna ágreinings um stöðuveitingar, uppsagnir, ráðningarfestu og gerð starfslokasamninga.
 Lögfræði- og dómskostnaður sem KÍ fær endurgreiddan, í málum sem Vinnudeilusjóður kostar, gengur til Vinnudeilusjóðs.

Á árinu 2005 var veitt 4,4 milljónum í lögfræðikostnað og 4,7 milljónum árið 2006.

2.4 Kostnaður við gerð kjarasamninga

Í reglum fyrir Vinnudeilusjóð Kennarasambands Íslands, gr. 2, segir : „*Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn þegar þeir eiga í vinnudeilu og greiða kostnað við vinnudeilur...*“

Með vísan í þessa grein samþykkti stjórn Vinnudeilusjóðs 20. september 2006 eftirfarandi reglur um greiðslu úr sjóðnum vegna kostnaðar við samningagerð.

Kynningarstörf og fundir:

Hvert aðildarfélag fær úthlutað 130 þúsund krónur í upphafsgjald og síðan 330 krónum á hvern félagsmann miðað við fjölda félagsmanna á félagaskrá. (Fyrir árið 2006 var miðað við félagatal í janúar til maí 2006).

Kjörgögn og atkvæðagreiðslur:

Vinnudeilusjóður greiðir prentkostnað kjörgagna og pökkunar- og sendingarkostnað við atkvæðagreiðslur vegna boðunar verkfalls eða gerð kjarasamninga.

Kostnaður við samninganefndir:

Vinnudeilusjóður greiðir nefndalaun samninga- og viðræðunefnda frá því að reglulegar samningaviðræður hefjast eftir gerð viðræðuáætlunar.

Greitt er samkvæmt taxa og reglum sem gilda fyrir nefndastörf á vegum KÍ og aðildarfélaga þess.

Starfsmenn Kennarasambands Íslands og aðildarfélaga fái aðeins greitt fyrir þann tíma sem liggur utan skilgreinds vinnutíma þeirra hjá KÍ eða aðildarfélagi.

Ferðakostnaður viðræðunefndarmanna er greiddur samkvæmt viðmiðunarreglum KÍ.

Yfirlit um eignir Vinnudeilusjóðs KÍ, rekstrartekjur og gjöld koma fram í ársreikningum sjóðsins árin 2005- 2007.

Skýrsla kjörstjórnar Kennarasambands Íslands um lok kjörtímabilsins 2002–2005 ásamt kjörtímabilinu 2005–2008

Á 3. þingi KÍ 14. og 15. mars 2005 var ný kjörstjórn kosin fyrir kjörtímabilið 2005–2008. Í henni eiga sæti Bragi Halldórsson (FF), Helga Sighvatsdóttir (FT), Lóa Björk Hallsdóttir (FL), Sigurður Lyngdal (FG) og Þórhallur Runólfsson (FG) en þau voru öll í kjörstjórn 2002–2005. Varamenn voru kosnir Hákon Óskarsson (FF), Magnea Antonsdóttir (FG) og Vilborg Runólfsdóttir (FG). Starfsmaður kjörstjórnar er Sigríður Sveinsdóttir og tók hún við starfi Valgeirs Gestssonar 26. apríl 2006 sem áður starfaði

með kjörstjórn. Valgeiri eru þökkuð vel unnin störf á liðnum árum og Sigríður boðin velkomin til starfa. Kjörstjórn starfar skv. 14. gr. laga KÍ.

Á fyrsta fundi nýrrar kjörstjórnar 26. apríl 2006 var Bragi Halldórsson endurkjörinn formaður og Helga Sighvatsdóttir endurkjörin ritari.

Fyrri kjörstjórn 2002–2005, sem í sátu sömu aðalmenn, lauk kjörtímabili sínu með 6 fundum og með því að annast eftirfarandi atkvæðagreiðslur sem ekki komust í skýrslu fyrir 2. þing KÍ 8. og 9. mars 2005:

1. Úrslit í allsherjaratkvæðagreiðslu um kjarasamning fyrir ríkisrekna framhaldsskóla.

Þann 15. apríl 2005 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara (FF) og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum (FS) innan Kennarasambands Íslands (KÍ) sem starfa í ríkisreknum skólum. Atkvæði voru greidd um kjarasamning Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs sem gildir fyrir framhaldsskóla og var undirritaður 18. mars 2005 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning fór fram 29. apríl 2005.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð þessi:

Á kjörskrá voru	1.462		
Atkvæði greiddu	762	eða	52,1%
„Já“ sögðu	639	eða	83,9%
„Nei“ sögðu	90	eða	11,8%
Auðir seðlar	33	eða	4,3%

2. Úrslit í atkvæðagreiðslu um samkomulag Kennarasambands Íslands og Fjöltækniskóla Íslands.

Þann 29. apríl 2005 lauk atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara (FF) innan Kennarasambands Íslands um samkomulag KÍ og Fjöltækniskóla Íslands sem skrifað var undir þann 27. apríl 2005 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning fór fram 29. apríl 2005.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð þessi:

Á kjörskrá voru	18		
Atkvæði greiddu	18	eða	100%
„Já“ sögðu	17	eða	95%
Auður seðill og ógildur	1	eða	5%

3. Úrslit í atkvæðagreiðslu um samkomulag Kennarasambands Íslands og Fjölmenntar.

Þann 18. maí 2005 lauk atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara (FF) innan Kennarasambands Íslands um samkomulag KÍ og Fjölmenntar sem skrifað var undir þann 9. maí 2005 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning fór fram 19. maí 2005.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð þessi:

Á kjörskrá voru	37		
Atkvæði greiddu	33	eða	89,2%
„Já“ sögðu	33	eða	100%

4. Úrslit í atkvæðagreiðslu um kjarasamning Félags framhaldsskólakennara/ Kennarasambands Íslands og Verslunarskóla Íslands.

Dagana 4. og 6. maí 2005 fór fram atkvæðagreiðsla um kjarasamning Félags framhaldsskólakennara / Kennarasambands Íslands og Verslunarskóla Íslands sem skrifað var undir þann 28. apríl 2005 með fyrirvara um samþykki hlutadeigandi félagsmanna. Talning fór fram 9. maí 2005.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð þessi:

Á kjörskrá voru	65		
Atkvæði greiddu	43	eða	66,2%
„Já“ sögðu	41	eða	95,3%
„Nei“ sögðu	2	eða	4,7%

Á yfirstandandi kjörtímabili 2005–2008 hefur kjörstjórn haldið átta fundi og annast eftirfarandi atkvæðagreiðslur á vegum KÍ og birtast úrslit þeirra hér:

1. Úrslit í rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu um kjarasamning Félags leikskólakennara (FL) og Launanevndar sveitarfélaga.

Þann 18. október 2006 lauk allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi leikskólakennara innan Kennarasambands Íslands um kjarasamning FL og Launanevndar sveitarfélaga sem skrifað var undir þann 25. september 2006 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Niðurstöður lágu fyrir á miðnætti þann 18. október.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð þessi:

Á kjörskrá voru	1666		
Atkvæði greiddu	1239	eða	74,37%
„Já” sögðu	750	eða	60,53%
„Nei” sögðu	461	eða	37,21%
Auðir seðlar	28	eða	2,26%

2. Úrslit í rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu um kjarasamning Félags tónlistarskólakennara (FT) og Launanevndar sveitarfélaga.

Þann 6. nóvember 2006 lauk allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi tónlistarskólakennara innan Kennarasambands Íslands um kjarasamning FT og Launanevndar sveitarfélaga sem skrifað var undir þann 15. október 2006 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Niðurstöður lágu fyrir strax að lokinni atkvæðagreiðslu þann 6. nóvember.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð þessi:

Á kjörskrá voru	533		
Atkvæði greiddu	196	eða	36,77%
„Já” sögðu	178	eða	90,9 %
„Nei” sögðu	14	eða	7,1%
Auðir seðlar	4	eða	2,0%

3. Úrslit í allsherjaratkvæðagreiðslu um kjarasamning Félags leikskólakennara (FL) og Samtaka sjálfstæðra skóla.

Þann 1. desember 2006 lauk allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi leikskólakennara innan Kennarasambands Íslands um kjarasamning FL og Samtaka sjálfstæðra skóla sem skrifað var undir þann 20. nóvember 2006 með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi félagsmanna. Niðurstöður lágu fyrir 7. desember 2006.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð þessi:

Á kjörskrá voru	104		
Atkvæði greiddu	36	eða	34,6%
„Já” sögðu	32	eða	88,9%
„Nei” sögðu	4	eða	11,1%

Ljóst er af tölum sem hér hafa verið birtar að þátttaka í kosningum með rafrænum hætti hefur minnkað frá því sem áður var. Augljóst hagræði er í flestum viðamestu atkvæðagreiðslum að haga kosningum með rafrænum hætti enda er unnt að spara töluverðar fjárhæðir úr Vinnudeilusjóði og félagssjóðum með því móti. Hins vegar er umhugsunarefni fyrir stjórnir aðildarfélaga KÍ hvort ekki megi bæta þátttöku í rafrænum kosningum, til dæmis með því að virkja trúnaðarmenn á vinnustöðum með einhverjum hætti til að hvetja félagsmenn til að nýta sér kosningarétt sinn um hagsmunamál sín.

Ýmsar nefndir

Vinnuumhverfisnefnd

Eftirfarandi ályktanir um vinnuumhverfismál voru samþykktar á 3. þingi KÍ um þemað „Kennsla - aðlaðandi ævistarf“:

Þriðja þing Kennarasambands Íslands, haldið 14.-15. mars 2005, leggur mikla áherslu á stefnumótun og aðgerðir Kennarasambandsins í vinnuumhverfismálum félagsmanna til að gera kennslu að aðlaðandi starfi fyrir ungt og vel menntað fólk og fyrir starfandi kennara.

Þingið leggur áherslu á:

1. Að stjórn Kennarasambands Íslands setji sér stefnu í vinnuumhverfismálum félagsmanna og aðgerðaáætlun um framkvæmd hennar.
2. Að stjórn Kennarasambands Íslands setji á stofn fastanefnd um vinnuumhverfismál sem hafi það hlutverk að skipuleggja ráðgjöf og fræðslu fyrir félagsmenn um vinnuumhverfismál, sálfélagslega áhættuþætti í vinnuumhverfi þeirra og samskipti á vinnustað.
3. Að stjórn Kennarasambandsins verji árlega, á næsta kjörtímabili, einni milljón króna, til fræðslu fyrir trúnaðarmenn um vinnuumhverfismál.
4. Að stjórn Kennarasambands Íslands beiti sér fyrir því að sambandið eignist fulltrúa í stjórn Vinnueftirlitsins, til jafns við önnur heildarsamtök opinberra starfsmanna. Að formaður fastanefndar um vinnuumhverfismál verði fulltrúi Kennarasambandsins í stjórn Vinnueftirlitsins.
5. Að stjórnir aðildarféлага Kennarasambands Íslands og skólamálaráðs skipuleggi og standi fyrir árlægum þemadegi um vinnuumhverfismál félagsmanna.
6. Að við fjárhagsáætlun fyrir fjórða þing KÍ verði gert ráð fyrir stöðugildi ráðgjafa í vinnuumhverfismálum.

Stjórn KÍ tilnefndi eftirfarandi fulltrúa í nefndina haustið 2005: Aðalheiður Steingrimsdóttir FF, Elín Ásgrímsdóttir FL, Petrea Óskarsdóttir FT, Sesselja G. Sigurðardóttir FG, Svanhildur M. Ólafsdóttir SÍ. Anna Guðmundsdóttir kom í stað Svanhildar M. Ólafsdóttur sem fulltrúi SÍ í nefndinni í september 2007. Stjórn KÍ samþykkti í ágúst 2007 að ráða Hafdís D. Guðmundsdóttur í 30% starf með nefndinni frá 1. september 2007 til 31. ágúst 2008 við að undirbúa vinnuumhverfismálin fyrir 4. þing KÍ 2008. Nefndin hélt samtals fjórtán fundi frá 13. desember 2005 til ársloka 2007. Nefndin ákvað að hefja vinnu að 3. og 5. tl. þingsamþykktanna.

Námskeið fyrir trúnaðarmenn um vinnuumhverfismál

Skv. 3. tl. þingsamþykktu skipulagði nefndin fræðslunámskeið fyrir trúnaðarmenn um vinnuumhverfismál í samvinnu við Vinnueftirlit ríkisins. Markmiðið var að styrkja starf þeirra á þessu sviði og að miðla til þeirra upplýsingum. Fulltrúar frá Vinnueftirlitinu ræddu um félagslega og andlega þætti í starfsumhverfi skóla, álag í starfi og kulnun, streitu og einelti og samskipti á vinnustað. Fulltrúi nefndarinnar kynnti ályktanir 3. þings KÍ um vinnuumhverfismál og starf hennar. Voru kynningarbréf send til skólastjórnenda og trúnaðarmanna KÍ í byrjun skólaársins 2006.

Heildarfjöldi skráðra þátttakenda var 201 sem skiptist þannig: FG: 75, FF: 22, FL: 94, FT: 7, SÍ :3 (formenn svæðadeilda). Heildarfjöldi trúnaðarmanna KÍ er rétt rúmlega 500 sem skiptist þannig eftir aðildarfélögum: FG: 197, FF: 52, FL:212 (trúnaðarmenn leikskólastjóra taldir með), FT: 48, SÍ: 8 (formenn svæðadeilda). Latur því nærri að þátttaka á námskeiðunum hafi verið um 40%.

Námskeiðin voru haldin á fjórum stöðum á landinu í október 2006, kl. 13.00 – 17.00. Voru þau send út á netinu eða með fjarfundabúnaði til þeirra sem ekki sóttu þau staðbundið:

1. *Háskólasetur Vestfjarða, Ísafirði, 3. október.* Var fræðslan send til grunnskólanna á Tálknafirði og á Hólmavík með fjarfundabúnaði. Þátttakendur voru samtals 11 en heildarfjöldi trúnaðarmanna KÍ á Vestfjörðum er um 20.
2. *Fræðslunet Austurlands, Egilsstöðum, 5. október.* Boðið var upp á útsendingu með fjarfundabúnaði til Vopnafjarðarskóla, grunnskólans á Djúpavogi, Verkmenntaskóla Austurlands/Neskaupsstað, grunnskólans á Fáskrúðsfirði og til Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu/Höfn. Þátttakendur voru samtals 19 en trúnaðarmenn KÍ á Austurlandi eru um 40.
3. *Hótel Nordica, Reykjavík, 9. október.* Boðið var upp á útsendingu á netinu til Fjölbrautaskóla Snæfellinga/Grundarfirði, Bókasafns Akraness, Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum/Reykjanesbæ, Fræðslu- og símenntunar-miðstöðvarinnar VISKU/Vestmannaeyjum, til grunnskólanna á Vík og á Kirkjubæjarklaustri. Þátttakendur voru 140 en trúnaðarmenn KÍ á Stór-Reykjavíkursvæði, Suðurnesjum, Suður- og Vesturlandi eru um 373.
4. *Háskólinn á Akureyri, 17. október.* Boðið var upp á útsendingu með fjarfundabúnaði til Farskólans á Norðurlandi vestra/Sauðárkróki, Námsstofu Skagastrandar, Fjarnámsstofu Norðurlands vestra/Hvammstanga, grunnskólans á Þórshöfn. Þátttakendur voru 31 en trúnaðarmenn KÍ á Norðurlandi eru um 85.

Í heildina tókust námskeiðin vel. Talsvert var spurt um verkaskiptingu öryggistrúnaðarmanna og félagslegra trúnaðarmanna, um framkvæmd reglugerðar um aðgerðir gegn einelti, um sjúkrasjóð KÍ og hvernig KÍ ætlaði að aðstoða trúnaðarmenn í vinnuumhverfismálunum.

Þemavika um vinnuumhverfismál

Tilgangur þemaviku (5. tl. þingsamþykkt) var að stuðla að umræðum í skólunum um vinnuumhverfismál, um ábyrgð einstaklinga og vinnustaðar í heild á líðan í starfi og samskiptum. Var vikan 12. – 16. febrúar 2007 helguð þessu viðfangsefni. Gengið var út frá því að skólar veldu sér hentugan dag/tíma til að taka efnið á dagskrá sem samræmdist skipulagi skólastarfsins að öðru leyti. Voru kynningarbréf send til skólastjórnenda og trúnaðarmanna KÍ í desember 2006 og aftur í byrjun febrúar 2007. Var þess farið á leit við skólastjórnendur að þeir hefðu umsjón með framkvæmd þemadagsins í samstarfi við trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn.

Lét nefndin útbúa veggspjald með sjö lykilsurningum um „Lífið í vinnunni“ sem voru send til trúnaðarmanna. Einnig tók nefndin saman nokkur meginatriði um vinnuumhverfismál skv. lögum og reglugerðum og sendi til skólanna. Ennfremur var fjallað um þemavikuna á vef KÍ og í Skólavörðunni.

Rafræn viðhorfskönnun

Til að fá vitneskju um hvernig til tókst með trúnaðarmannafræðsluna og þemavikuna fór nefndin þess á leit við skólastjórnendur og trúnaðarmenn KÍ að þeir svöruðu fáeinum spurningum um þetta og nokkrum almenns eðlis í rafrænni könnun sem fór fram haustið 2007. Alls bárust 88 svör en skólastjórnendur og trúnaðarmenn KÍ á

Þeim tíma sem könnun var framkvæmd voru um 1.030. Nefndin hafði niðurstöðurnar til hliðsjónar við vinnu að stefnumörkun KÍ í vinnuumhverfismálunum (1. liður þingsamþykkt). Mikill meirihluti þeirra trúnaðarmanna sem tók þátt í könnuninni hafði sótt fræðslunámskeiðið og sögðu flestir að efni þess hefði verið kynnt á starfsmannafundi eða kennarafundi skólans. Mikill minnihluti sagði að þemadagur um vinnuumhverfismál hefði verið haldinn í skólanum. Spurt var hvort ráðgjafi um vinnuumhverfismál, sem sinnti erindum félagsmanna um líðan í starfi og samskipti á vinnustað, ætti að starfa á vegum KÍ. Var mikill meirihluti því sammála. Þátttakendur voru beðnir að tilgreina hvers konar fræðslu um vinnuumhverfismál KÍ ætti að hafa með höndum fyrir trúnaðarmenn. Eru niðurstöður könnunarinnar á vef KÍ.

4. þing KÍ 2008

Frá hausti 2007 hefur verið unnið að undirbúningi vinnuumhverfismála fyrir 4. þing KÍ 2008 á grundvelli samþykkt 3. þings KÍ 2005. Verða ýmsar tillögur í þessum málaflokk lagðar fyrir þingið.

Nefnd um endurskoðun laga KÍ

Stjórn KÍ skipaði eftirtalda aðila í nefnd til að endurskoða lög KÍ í samræmi við samþykkt 3. þings:

Björk Óttarsdóttir	FL
Eiríkur Jónsson	KÍ
Jón Ingi Einarsson	SÍ
Jón Sigurðsson	FT
Ragnar Sveinn Magnússon	FS
Valgerður Þ.E. Guðjónsdóttir	FF
Pórður Á. Hjaltsted	FG

Nefndin hélt alls sextán fundi og skilaði tillögum sínum til stjórnar KÍ í nóvember 2007. Stjórn KÍ fjallaði um tillögurnar og ákvað að senda þær óbreyttar sem tillögur til 4. þings KÍ.

Nefnd um réttindi og skyldur

Nefnd um réttindi og skyldur félagsmanna KÍ sem starfaði á kjörtímabilinu 2002 til 2005 starfaði ekki á síðasta kjörtímabili. Stjórn KÍ ákvað að þegar tekist hefði að ráða lögfræðing til starfa fyrir KÍ væri eðlilegt að fela þeim einstaklingi að yfirfara þau gögn sem nefndin tók saman og vann að á sínum tíma og uppfæra þau. Í framhaldinu yrðu gögnin svo gerð aðgengileg á vefnum eða annars staðar þar sem henta þætti. Þar sem mjög dróst að ráða lögfræðing til starfa er þessari vinnu ekki enn lokið og verður reynt að bæta úr því eins fljótt og auðið er.

Erlent samstarf

NLS (Nordiske Lærerorganisationernes Samråd)

Norrænu kennarafélögin hafa átt með sér mikið og náið samstarf á undanförunum árum á vettvangi NLS. Á deildar- og stjórnarfundum skiptast fulltrúar félaganna á skoðunum um málefni kennara og skólustjóra á Norðurlöndum. Fulltrúar KÍ í stjórn NLS eru Eiríkur Jónsson sem gegndi stöðu formanns samtakanna árið 2006, Elna Katrín Jónsdóttir og Björg Bjarnadóttir. Fundir stjórnar NLS voru haldnir á Íslandi árið 2006 og var fyrri stjórnarfundur haldinn á Akureyri 2. og 3. maí og sá síðari í Reykjavík 27. og 28. nóvember. Fulltrúar félaga í einstaka deildum samtakanna eru Ólafur Loftsson og Þórður Hjaltsted í grunnskóladeild, Ingibergur Elíasson og Anna María Gunnarsdóttir í framhaldsskóladeild og Björg Bjarnadóttir og Þröstur Brynjarsson í leikskóladeild. Sameiginlegur fundur allra deilda var haldinn á Selfossi í byrjun september 2006.

Óhætt er að fullyrða að fundirnir hafi tekist vel og var almenn ánægja meðal erlendu gestanna með dagskrá og skipulag þeirra.

Árið 2007 var formennska samtakanna í höndum Evu-Lis Preisz formanns Lärarförbundet í Svíþjóð og voru því fundir stjórnar og deilda haldnir í Svíþjóð árið 2007. Ráðstefna NLS undir yfirskriftinni „Läraryrkets professionalisering“ var haldin í Bergen í október 2007 og tóku 5 fulltrúar KÍ þátt í henni. Ráðstefna sem þessi er að jafnaði haldin á tveggja ára fresti

EI, EIE og ETUCE

Kennarasambandið á aðild að alþjóðasamtökum kennarafélaga EI (Education International), EIE (Education International Europe) og ETUCE (European Trade Union Committee for Education). Kennarasambandið hefur að undanförunu eftir þekkingu sína á Evrópusamstarfi í menntamálum, meðal annars með því að auka bein tengsl við samtökin og starfsemi þeirra, sótt ráðstefnur á vegum EI(E) og hafið á nýjan leik þátttöku í samráðsfundum með stjórn ETUCE sem haldnir eru tvisvar á ári en KÍ hafði ekki tekið þátt í þeim um nokkurt árabíl. Á vettvangi skólamálaráðs KÍ hefur verið mótuð stefna um vinnu að Evrópumenntamálum sem felur í sér að leita eftir samstarfi við aðra aðila á Íslandi sem vinna að þeim svo sem menntamálaráðuneytið og ýmis félagasamtök.

Kennarasambandið hefur ennfremur um árabíl átt möguleika á að fylgjast með Evrópumálunum og koma sjónarmiðum um þau á framfæri innan Norrænu kennarasamtakanna þar sem algengt er að fulltrúar norrænna kennara komi fram sameinaðir á fundum EI, EIE og ETUCE.

Stefnt er að því að KÍ sinni Evrópumálum meira í framtíðinni, einkum skóla- og menntamálum, þ.m.t. málefnum kennaramenntunar og umræðu um kennarastarfið. Formaður skólamálaráðs mun hafa yfirumsjón með því starfi.

Þing EI árið 2007 var haldið í Berlín í júlí og sátu alls níu þátttakendur þingið á vegum KÍ og félaganna. Þetta er í fyrsta sinn sem KÍ sendir fulltrúa á slíkt þing en þau hafa áður verið haldin í fjarlægum löndum og þar af leiðandi hefur ekki verið hægt að sækja þau sökum mikils kostnaðar.

Þinginu hafa þegar verið gerð skil í Skólavörðunni.

European Early Childhood Education Research Association (EECERA)

Kennaraháskóli Íslands tók að sér að sjá um Evrópuráðstefnu EECERA samtakanna 2006 í samvinnu við HA, Leikskóla Reykjavíkur og KÍ. Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar voru fulltrúar frá þessum aðilum. Formaður nefndarinnar var dr. Jóhanna Einarsdóttir prófessor við KHÍ. Fulltrúi KÍ var Þröstur Brynjarsson varaformaður FL. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Lýðræði og menning í menntun yngri barna“. Ráðstefnan var haldin í KHÍ 30. ágúst til 2. september 2006. Ráðstefnur EECERA er haldnar árlega víðsvegar í Evrópu og fjalla um rannsóknir á menntun yngstu skólabarnanna. Þetta er stærsta ráðstefnan á þessu sviði sem haldin er utan Bandaríkjanna og hana sækja virtustu fræðimenn í málefnum yngri barna. Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar voru Barbara Rogoff og Joseph Tobin frá Bandaríkjunum, Peter Moss frá Bretlandi, Lars Dencik frá Danmörku og Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor við KHÍ. Það var mikill fengur að fá þessa ráðstefnu til Íslands og mikil hvatning og lyftistöng fyrir leikskólakennara og kennara yngstu grunnskólabarnanna á Íslandi. Tæplega 600 manns sóttu ráðstefnuna þar af um 400 erlendis frá. Aðsókn fór fram úr björtustu vonum og tókst ráðstefnan í alla staði mjög vel.

Niðurlag

Þessi yfirferð ber með sér að starfsemi sambandsins og aðildarféлага þess hefur verið margþætt á kjörtímabilinu. Allt frá því að svokallað tíu punkta samkomulag KÍ og menntamálaráðherra var undirritað þann 2. febrúar 2006 hefur vinna tengd því tekið mikinn tíma. Forystufólk KÍ og félaganna hefur ásamt fjölmörgum öðrum félagsmönnum lagt af mörkum mikla vinnu til þess að ná fram ásættanlegri niðurstöðu um hvern lið samkomulagsins um sig. Nú liggja fyrir Alþingi frumvörp til laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla auk frumvarps um menntun og starfsréttindi kennara og skólustjóra. Óskað var eftir umsögnum KÍ um öll þessi frumvörp og hefur þeim verið skilað. Öll byggja frumvörpin á vinnu starfshópa sem störfuðu á grundvelli tíu punkta samkomulagsins. Eins og við mátti búast náðist ekki sátt um öll atriði laganna milli fulltrúa KÍ og menntamálaráðherra í undirbúningsvinnunni en mismikið bar í milli. Segja má að helstu ágreiningsefni hafi tengst áformum um styttingu námstíma til stúdentsprófs og skerðingu á námi í því sambandi. Eins og staðan er þegar þetta er skrifað er ljóst að við höfum ekki náð fram öllum þeim atriðum sem æskilegt hefði verið. Án þátttöku KÍ er hins vegar ljóst að margt hefði farið á verri veg en nú stefnir í. Þannig er hægt að fullyrða að betur var af stað farið en heima setið í þessum efnum.

Þessi vinna hefur hins vegar verið það tímafrek að hún hefur komið niður á ýmsum verkefnum öðrum sem unnið hefur verið að og tengjast starfsemi Kennarasambandsins. Við verðum hins vegar að vona að öll sú mikla vinna sem unnin hefur verið muni skila sér í framtíðinni í enn betra skólastarfi og betri starfsaðstæðum nemenda, kennara og annarra sem í skólum vinna.

Þörfin fyrir sterk samtök kennara, námsráðgjafa og stjórnenda í skólum landsins er enn fyrir hendi og Kennarasambandið sinnir þeirri þörf. Félagsmenn binda miklar væntingar til Kennarasambandsins og samfélagsins í heild um framgang skóla- og menntamála. Þar er mikið starf óunnið og mikilvægt að fólk taki höndum saman um að efla sambandið enn frekar í sameiningu kennara og stuðningi við íslenska skóla og framþróun þeirra.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum sem og öðrum sem starfa fyrir samtökin, fyrir mikið og óeigingjarnt starf.

Eiríkur Jónsson

Fylgiskjal 1

Starfsemi og starfsáætlun skólamálaráðs 2005-2008

Lög KÍ um skólamálanefndir og skólamálaráð

Skólamálanefndir félaga

28. gr.

Á vegum félaga starfa 3 - 7 manna skólamálanefndir sem sinna faglegum málefnum fyrir félagsmenn þeirra.

Hlutverk skólamálanefnda er:

- Að fjalla um fagleg málefni og skólamál í samráði við stjórn og skólamálaráð,
- að vinna að eflingu kennaramenntunar og endurmenntunar félagsmanna,
- að annast tengsl við fagfélög og sambærilegar nefndir annarra uppeldisstétta.

Skólamálaráð

29. gr.

Skólamálanefndir félaga mynda skólamálaráð ásamt formanni skólamálaráðs. Stjórn Kennarasambands Íslands skipar formann ráðsins. Skólamálaráð heldur a.m.k. einn fund á ári. Formenn skólamálanefnda félaga og formaður skólamálaráðs mynda framkvæmdastjórn.

Hlutverk skólamálaráðs er:

- Að fjalla um uppeldis- og skólamál á hverjum tíma og álykta um þau til stjórnar Kennarasambands Íslands,
- að vera stjórn til ráðuneytis um stefnumörkun á hverjum tíma,
- að fara með mál sem tengjast faglegri menntun félagsmanna,
- að standa fyrir fundi með fulltrúum fagfélaga
- að halda ráðstefnu eða þing á hverju kjörtímabili,
- að fjalla um skólustefnu Kennarasambands Íslands.

Leiðarljós í starfi skólamálaráðs

1. Gera skóla- og menntamál að meira áberandi þætti í starfsemi og ímynd KÍ, auka forystuhlutverk KÍ í skóla- og menntamálum. (inn og út á við)
2. Auka frumkvæði KÍ í að taka málefni til sjálfstæðrar skoðunar og í að tjá álit á málum bæði inn á við og út á við.
3. Leita leiða til að tengja KÍ markvissar við breytinga- og þróunarstarf í leik-, grunn- og framhaldsskólum, efla sameiginlega þekkingu á þessu sviði og miðla henni eftir föngum.
4. Koma á föstu samstarfi við fagfélög kennara.
5. Leita leiða til að tengja KÍ betur við starf háskóla og rannsóknir.
6. Auka þekkingu á Evrópumenntamálum og færni KÍ til þátttöku í slíkri umræðu Efla úrvinnslu efnis og miðlun þekkingar af vettvangi NLS, norrænu kennarasamtakanna.
7. Að efla starf skólamálanefnda félaga og skólamálaráðs og vinna að því að ráðinu verði falin meiri ábyrgð á að vinna og koma fram f.h. KÍ í skóla- og menntamálum.
8. Leita samstarfs við önnur samtök launamanna á sviði skóla- og menntamála.

9. Tengja saman málefnavinnu, funda- og ráðstefnuhald skólamálanefnda í „viðburðadagatal“ sem endurspeglar sameignlega vinnu innan KÍ að skóla- og menntamálum.

Viðfangsefni skólamálaráðs

I. „Innri endurskoðun“

- Ræða starf skólamálanefnda og hlutverk þeirra í starfi aðildarfélaganna annars vegar og starf framkvæmdastjórnar skólamálaráðs og stöðu hennar gagnvart stjórn KÍ hins vegar. Ræða um snertifleti í starfi skólamálanefnda og -ráðs, upplýsingamiðlun og möguleika á samhæfingu í áætlanagerð.
- Fara yfir nefndir, stjórnir, ráð og sjóði sem fjalla um skóla- og menntamál og KÍ og aðildarfélög tilnefnda fulltrúa í, hafa sjálf sett á laggirnar eða sem félögin og sambandið eru hluti af vegna samstarfs við önnur samtök og fara yfir tengsl milli vinnunnar þar og starfa fulltrúanna við skólamálastarf á vegum skólamálanefnda og -ráðs.
- Skilgreina nánar hlutverk skólamálaráðs gagnvart fagfélögum og efna til funda með formönnum þeirra um innra starf (þ.e. innan KÍ) og um samstarf og möguleg samstarfsverkefni.
- Efla og auka vinnu við erlend samskipti m.a. með því að efla Evrópusamstarfið og með því að efla úrvinnslu efnis úr norrænu samstarfi. Leita leiða til að birta og miðla efni úr erlendu samstarfi.

II. Starfsskyldur vegna skólastefnu KÍ og félaga.

- Hafa yfirsýn yfir vinnu að tíu punkta samkomulaginu, ræða einstök mál sem og afrakstur málsins í heild og vera stjórn KÍ til ráðuneytis um málið.
- Leita leiða til að koma skólastefnu KÍ í framkvæmd m.a. með því að setja upp lista forgangsverkefna og með því að meta framkvæmanleika einstakra stefnumála og gera tillögur um aðferðir til að koma þeim í höfn.
- Skrifa meira í blöð og vera sýnilegri í samfélaginu.
- Stofna til samskipta við háskóla í landinu um rannsóknir, fræðslu um þær og hagnýtingu þeirra í skólastarfi.

III. Föst stöðug verkefni

- Fylgjast með breytingum og þróun á löggjöf, reglugerðum og námskrám um skólastarf frá leikskóla til framhaldsskóla og koma í samráði við stjórn KÍ mati KÍ og áliti á framfæri þegar við á.
- Kynna sér og eftir atvikum gefa álit á eða tjá sig í samráði við stjórn KÍ um löggjöf og önnur skipulags- og stjórnsýslugögn um háskólastigið.
- Kynna sér og mynda sér skoðun á leiðum og aðferðum til að meta gæði í skólastarfi og gæði í menntun s.s. í kennaramenntun.
- Kynna sér aðferðir og leiðir í stjórnsýslu í menntakerfinu einkum í málum er snúa beint að starfsemi skóla og störfum félagsmanna KÍ í skólakerfinu.
- Eiga samskipti (á föstum grundvelli og tilfallandi) við háskóla m.a. um námsframboð, rannsóknir og þróun starfsemi. Halda einn fastan fund á ári með aðilum frá háskólunum sem starfa við að kenna og rannsaka á sviði kennarafræða.
- Kynna sér eftir fögum breytingar- og þróunarstarf á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi og leitast við að skipuleggja þekkingu um þau mál innan KÍ og miðlun hennar.

Helstu verkefni 2005-2008

- Hafa yfirlit yfir þróun vinnu að tíu punkta samkomulaginu, leggja mat á árangur af því starfi og vera stjórn KÍ til ráðuneytis um málið.
- Vinna úr samþykkt 3. þings KÍ um siðanefnd.

- Halda ársfund vegna 2006 og 2007 vorið 2007.
- Velja forgangsverkefni og ákveða hvað verður gert, hvenær og hvernig sbr. t.d. forgangslista úr skólastefnu og sérstakar áherslur 3. þings.
- Kynna sér breytingar og þróun í skipulagi og stjórnun háskóla og háskólamenntunar s.s. vegna sameiningar HÍ og KHÍ, nýrra háskólalaga, tillagna kennaramenntunarnefndar o.s.frv. og leitast við að miðla þekkingu um þau mál innan KÍ.
- Kynna sér og fjalla um gæðamat í skólastarfi, stöðu sjálfsmats í skólum og ákvæði um gæðamat/sjálfsmat í lögum um skólastigin.
- Kynna sér og fjalla sérstaklega um gæðamat og gæðamatskerfi í kennaramenntun
- Kynna sér og fjalla um svokölluð kennsluráð „Teaching Councils“ í Skotlandi og Írlandi (útgangspunktur: Skýrsla framtíðarhóps um kennaramenntun)
- Vinna að Evrópumálum og norrænu kennarasamstarfi:
 1. Formaður skólamálaráðs sækir stjórnarfund ETUCE tvisvar á ári.
 2. Vinna að þátttöku KÍ t.d. í hringborðsráðstefnum EI(E) og þingum EI(E).
 3. Óska eftir og skipuleggja 1-2 fundi á ári með starfsmönnum í menntamálaráðuneyti þar sem þeir m.a. fræða okkur um störf sín á Evrópumenntamálavettvangi.
 4. Áætla vinnutíma og mannskap í að lesa og vinsa úr Evrópuefni og matbúa eftir föngum m.a. skipuleggja efni á vef KÍ og aðgengi að því.
 5. Vinna að því að fréttir og greinargerðir verði birtar t.d. á vef KÍ, til dæmis alltaf eftir fundi í stjórn og sektorum NLS.

Fylgiskjal 2

Skólastarf og skólaumbætur Tíu skref til sóknar

Menntamálaráðherra og Kennarasamband Íslands eru sammála um að vinna saman að eftirfarandi verkefnum sem stefna að sveigjanlegra skólakerfi á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna.

1. Endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla hefst vorið 2006. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er aukin samfella milli skólastiganna, sveigjanleiki milli og innan skólastiga og að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda. Lokamarkmiðið er betri menntun og betri námsárangur nemenda.
2. Efling kennaramenntunar er ein helsta forsenda þess að hægt sé að þróa og styrkja íslenska menntakerfið. Nefnd um framtíð kennaramenntunar er nú að störfum og verður tekin ákvörðun um markvissa eflingu kennaramenntunar á grundvelli niðurstaðna hennar.
3. Framhaldsskólum verður gefinn fjögurra ára aðlögunartími til að takast á við breytta námsskipan, á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna, út frá eigin skipulagi.
4. Unnið verður að eflingu endurmenntunar kennara á öllum skólastigum í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna.
5. Starfsheiti leikskólakennara verður löggilt.
6. Verk- og starfsnám í grunn- og framhaldsskólum verður eflt, skipulag einfaldað og hvatt til aukinnar aðsóknar í slíkt nám.
7. Almenn braut framhaldsskólans verður endurskipulögð og eflid með víðtækum hætti, náms- og starfsráðgjöf styrkt og stuðlað verði að því að áfram dragi úr brottfalli í framhaldsskólum.

8. Námenfnisgerð allra skólastiga verður eflid með nýjum lögum um Námsgagnastofnun, eflingu þróunarsjóða og námsefnisgerðarsjóðs auk aukinnar áherslu á gerð stafræns námsefnis.

9. Fjar- og dreifnám verður skilgreint með skipulegum hætti í samræmi við gæðamat í því skyni að auka sveigjanleika skólakerfisins og fjölga valkostum.

10. Aðilar vinna saman að því að starf kennara og starfsumhverfi verði aðlaðandi og eftirsóknarvert.

Fylgiskjal 3

Verkaskipting formanns og varaformanns KÍ

Megintillögur ParX um verkaskiptingu formanns og varaformanns KÍ voru eftirfarandi:

- Lagt var til að starfseminni yrði skipt í tvö megin svið, þjónustusvið og félagssvið.
- Lagt var til að unnin yrði starfsáætlun á grunni samþykkta þinga KÍ og, þegar við á, stefnumörkun stjórnar. Tilgangur þess er að auka stefnufestu í framkvæmdum verkefna KÍ enn frekar.
- Lagt var til að áhersla á verkefnastjórnun og sjálfstæði í störfum innan KÍ yrði aukin.
- Lagt var til að markvisst yrði leyst um tíma formanns og varaformanns í dæmigerðum afgreiðslumálum og þess freistað að auka þannig enn frekar þátttöku þeirra í stefnumótandi störfum.

Verkaskipting

Verkefni sem eru sameiginleg fyrir formann og varaformann KÍ

- Miðlun persónulegrar sérþekkingar og reynslu innan KÍ með greinaskrifum, fræðslu - m.a. til trúnaðarmanna og á vettvangi KÍ og annarra opinberra starfsmanna, þátttöku í ráðstefnum og fundum og skipulagningu og þátttöku í námskeiðum innan og utan KÍ.
- Yfirumsjón með umsögnum um lög og reglugerðir sem koma til umsagnar KÍ.
- Aðstoð við aðildarfélag við gerð kjarasamninga eftir nánari ákvörðun hvers félags
- Skipulagning og stýring árlegs vinnufundar á félagssviði þar sem fjallað er um starfsemina, þróun verklags og verkaskiptingar einstaklinga, þekkingarmiðlun og endurmenntunarmál.
- Samstarf við önnur samtök launafólks innanlands og utan.
- Tengsl við fjölmiðla.

Meginverkefni formanns KÍ

- Er formaður stjórnar sambandsins, ber ábyrgð á starfseminni og hefur yfirumsjón með rekstri þess á grundvelli laga KÍ.
- Undirbýr stjórnarfundi, stjórnar þeim og ber ábyrgð á að koma ákvörðunum stjórnarfunda í framkvæmd.
- Hefur yfirumsjón með gerð og árlegri endurskoðun starfsáætlunar KÍ
- Ber ábyrgð á samantekt stuttrar ársskýrslu.

- Sinnir frumkvæðis-, þróunar- og samræmingarhlutverki um þróun í starfi innan KÍ.
- Vinnur með skrifstofustjóra að þróun starfsmannahalds, þjónustusamningum við sjóði KÍ og öðru sem tengist daglegum rekstri sambandsins.
- Hefur yfirumsjón með starfi nefnda KÍ á sviði félagsmála og kjaramála.
- Sinnir erlendu samstarfi á sviði félags og kjaramála.
- Hefur yfirumsjón með samskiptum við lögmenn.

Stór einstök viðfangsefni formanns KÍ

- Formennska í kjararáði, skipulagning þess starfs, samskipti við aðila vinnumarkaðarins og mat á árangri við að koma áherslum 3. þings KÍ á sviði kjaramála í framkvæmd í nánu samstarfi við aðildarfélög KÍ.
- Yfirumsjón með túlkun réttindakafla kjarasamninga s.s. veikindarétt, fæðingarorlof og lífeyrisréttinda.
- Ber ábyrgð á því að innan KÍ sé heildaryfirsýn um samninga aðildarfélaga við sveitarfélög.
- Seta í stjórn LSR.
- Undirbúningur, skipulagning og fjármögnun hagdeildarstarfsemi með aðild KÍ.
- Ber ábyrgð á gerð ráðningarsamninga við starfsmenn.

Meginverkefni varaformanns KÍ

- Er varaformaður stjórnar sambandsins og staðgengill formanns í forföllum hans.
- Undirbýr stjórnarfundum í náninni samvinnu við formann og tekur þátt í að koma ákvörðunum stjórnarfunda í framkvæmd.
- Hefur yfirumsjón með málefnum sem falla undir skólamál, veitir umsagnir um þau og önnur verkefni sem þeim tengjast.
- Er tengiliður við menntamálaráðuneyti, Alþingi og aðrar stofnanir um skóla- og menntamál.
- Vinnur með formanni að mótun, undirbúningi og framsetningu starfsáætlunar KÍ.
- Sinnir frumkvæðis-, þróunar- og samræmingarhlutverki á sviði fræðslu-, símenntunar- og kynningarmála.
- Hefur yfirumsjón með starfi nefnda KÍ á sviði skólamála.
- Sinnir erlendu samstarfi á sviði skólamála.

Stór einstök viðfangsefni varaformanns KÍ

- Formennska í skólamálaráði, skipulagning þess starfs, undirbúningur ársfundar skólamálaráðs, samskipti við skólasamfélagið og mat á árangri við að koma áherslum 3. þings KÍ á sviði skólamála í virka framkvæmd í nánu samstarfi við aðildarfélög KÍ.
- Yfirumsjón með tíu punkta samkomulagi KÍ og menntamálaráðherra.
- Ber ábyrgð á því að innan KÍ sé heildaryfirsýn um samninga aðildarfélaga við ríkið.
- Mótun og gerð menntastefnu og símenntunaráætlunar í samvinnu við formann og skrifstofustjóra.

Fylgiskjal 4

Dagskrá kjaramálaráðstefnu KÍ 5. október 2007

Setning

Eiríkur Jónsson formaður KÍ

Slik forbereder vi oss til forhandlinger i Norge

Ole Petter Blindheim forhandlingssjef i Utdanningsforbundet

Útlit og horfur - Samspil kjarasamninga og efnahagslífs

Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ

Tryggja einstaklingssamningar í senn réttindi og hagstæða launaþróun?

Gunnar Páll Pálsson formaður VR

Hvers konar launamyndunarkerfi er besta leiðin til réttlátra launa?

Karl Björnsson sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, Elín Björg Jónsdóttir varaformaður BSRB og Eiríkur Jónsson formaður KÍ

Stofnanasamningar og skólaumhverfið – kynbundin áhrif?

Katrín Ólafsdóttir – Halldóra Friðjónsdóttir formaður BHM og Aðalheiður Steingrimsdóttir formaður FF

Samantekt – Ráðstefnuslit

Elna Katrín Jónsdóttir